

SHALDUR  
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is  
Hljóðfæri



Fimm stjörnu rokkónleikar  
Fyrstu alíslensku maraþon-  
rokkónleikarnir tókust frábærlega.  
tónlist 22



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. september 2012  
212. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeim tölukörnum Capacent Gallup í maí - maí 2012



**Í nógu að snúast**  
Ásgeir Trausti gefur út sína  
fyrstu plötu og leikur á  
þrennum tónleikum.  
tónlist 30

**Hungurleikarnir**  
Íslenski ökubúrin áskilur  
sér fullan rétt til þess að  
þvælast fyrir öðrum sé  
hann í skapi til þess.  
umræðan 15



**Ryksugunni leið vel**  
Helgi Valur Daníelsson  
vonast til að halda sæti  
sínu í íslenska landsliðinu.  
sport 26

**veðrið í dag**

**STORMUR** Í dag verður hvasst á landinu, víða 13-18 m/s en hvaslara SA- og A-til. Rigning eða slydda norðan- og austanlands og snjócoma til fjalla. Úrkomulítið S- og V-til er líður á daginn.  
VEÐUR 4



**SNORKAÐ Á ÞINGVÖLLUM** Þúsundir áhugamanna um köfun koma í Þjóðgarðinn á ári hverju til að sinna áhugamáli sínu. Sérstakt aðdráttarafi hafa tvær gjár á svæðinu, Silfra og Davíðsgjá, en sú fyrrnefnda er talin einn besti köfunarstaður á Íslandi, og þó víðar væri leitað. Oft koma stórir hópar eins og í gær, en óleyfilegt er að vera einn á ferð í þessum erindagiörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sífelld fleiri vinna svart

Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru rekin án leyfis. Fólk á atvinnuleysisbótum í svartri vinnu. Framkvæmdastjóri Ferðaþjónustunnar segir nauðsynlegt að taka á vandanum í stað þess að skattþína löghlýðin fyrirtæki.

**ATVINNUMÁL** Svört atvinnustarfsemi virðist færast í vöxt í ferðaþjónustu og byggingastarfsemi. Þetta hefur komið í ljós í sumar í könnunum ríkisskattstjóra, Alþýðusambands Íslands (ASÍ), og Samtaka atvinnulífsins (SA), í tengslum við átakið Leggur þú þitt af mörkum? Átakinu er beint gegn svartri atvinnustarfsemi.

„Nú höfum við beint sjónum að ferðaþjónustunni og atvinnugreinum tengdum henni auk byggingastarfsemi,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. „Það virðast ansi margir vera að koma inn í ferðaþjónustuna sem ekki eru með sín mál í lagi. Fyrirtæki

eru rekin án leyfis og starfsmenn á atvinnuleysisbótum eru í svartri vinnu. Það eru margir smáir í þessu og keppa þá ekki á sama grunni.“

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, tekur undir það að svört atvinnustarfsemi sé stórt vandamál í ferðaþjónustunni. „Við höfum bent á að fjöldi gististaða hafi ekki starfsleyfi. Þessa aðila þarf að finna. Þarna eru peningar fyrir ríkissjóð ef menn taka almennilega á þessum vanda í stað þess að skattþína löghlýðin fyrirtæki. Þarna er verk að vinna. Auðvitað starfa flest öll fyrirtækin samkvæmt lögum og reglu en það er

öþolandi fyrir þau að keppa við svarta markaðinn.“

Að sögn Skúla eru talsverð brögð að því að í byggingastarfsemi séu menn sem í raun eru launþegar skráðir sem verktakar. „Þeir eru skráðir sem slíkir og eiga þá sjálfir að standa skil á öllum gjöldum. Í einhverjum tilvikum eru þeir á atvinnuleysisbótum.“

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir ljóst að styrkja þurfi reglurnar í kringum atvinnustarfsemi og framkvæmdina til að tryggja að hægt sé að fylgja eftir þeim upplýsingum sem berast. „Það er ekki nóg að auka eftirlit,“ segir Halldór. - ibs

### Svört atvinnustarfsemi

- Niðurstöður könnunar Ríkisskattstjóra, ASÍ og SA í fyrrasumar benda til að tap samfélagsins vegna svartrar vinnu sé 13,8 milljarðar á ári. Þetta tap er eingöngu vegna fyrirtækja sem eru með veltu undir einum milljarði króna á ári.
- Heimsótt voru rúmlega tvö þúsund fyrirtæki. Svört vinna reyndist langmest hjá fyrirtækjum með veltu undir 150 milljónum á ári eða 91 prósent.
- Af rúmlega sex þúsund skráðum starfsmönnum reyndust tólf prósent vera í svartri vinnu.

**ISLAND ER MEÐ'ETTA**

8 glæsilegir ferðavinningar  
TAKTU ÞÁTT Í MYNDALEIKNUM  
islandermedetta.is

## Lögregla í Tulsa í Bandaríkjunum leitar manns sem myrti einn og særði annan: Íslenskur piltur skotinn til bana

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla í borginni Tulsa í Oklahoma leitar nú manns sem skaut átján ára íslenskan pilt, Kristján Hinrik Þórsson, til bana aðfaranótt laugar dags.

Maðurinn skaut minnst níu skotum úr skambbyssu inn í bíl sem pilturinn sat í fyrir utan verslunina QuikTrip. Með honum í bílnum var 37 ára gamall maður, John White, sem liggur nú milli heims og helju á spítala.

Aðdragandi árásarinnar er óljós en lögregla rann-

sakar málið meðal annars með aðstoð upptaka úr öryggismyndavélum.

Lögregla segir að til snarpra orðaskipta hafi komið á milli ökumannsins og árásarmannsins áður en sá síðarnefndi dró upp byssu.

Haft var eftir yfirmanni morðeildar lögreglunnar í Tulsa í fréttum Ríkisútvarpsins í gær að allt benti til þess að Kristján Hinrik hefði aðeins verið saklaus strákur á röngum stað. Hann væri ekki grunaður um neitt misjafnt. - sh / sjá síðu 4

**Skagfirskur sveitabiti**  
Mýksti brauðosturinn  
á markaðnum í dag.  
Fáanlegur 26% og 17%.







Sóley, hvert er aldurstakmarkið hjá innheimtumönnum borgarinnar?

„Peir mega vera eins gamlir og þeim sýnist svo lengi sem börnin þurfa ekki að líða.“

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi VG, mótmælti því á borgarstjórnarfundum að börnum væri beitt í innheimtu á skuldum foreldra.



THULESEN DAHL Vill veita danskan ríkisborgararétt til tíu ára í senn.

NORDICPHOTO/GETTY

Thulesen Dahl veldur usla:

## Missi ríkisborgararétt við dóm

**DANMÖRK** Kristian Thulesen Dahl, verðandi formaður danska Folkepartiet, vill að leyft verði að svipta erlenda glæpamenn dönskum ríkisborgararétti. Að sögn Berlingske tidende segir flokksformaðurinn tilvonandi að hann vilji setja það í lög um ríkisborgararétt að menn geti misst hann ef þeir eru dæmdir fyrir alvarlega ofbeldiseða fjármálaglæpi.

Í dag er ríkisborgararétturinn endanlegur en Thulesen Dahl vill að hann verði miðaður við tíu ár í senn og að því verði bætt inn í danska refsilöggjöf að erlendum aðili með danskan ríkisborgararétt sem hlýtur dóm fyrir gróft brot missi um leið ríkisborgararéttinn.

- fsb

Tveir skýstrókar í New York

## Hús skemmdust í ofsanum

**BANDARÍKIN** Töluvert eignatjón varð í hverfunum Queens og Brooklyn í New York aðfaranótt sunnudags þegar skýstrókar gengu þar yfir. Skýstrókar eru ekki algengir á þessu svæði en þeir ollu rafmagnsleysi á mörgum stöðum auk þess sem skemmdir urðu á húsum og öðrum eignum.

Óveður gekk yfir borgina Washington á laugardaginn sem varð til þess að tugir þúsunda heimila urðu rafmagnslaus.

Arfgerð makrils rannsókuð til að varpa ljósi á breytta útbreiðslu í Norður-Atlantshafi:

## Leita svara um uppruna í arfgerð makrils

**RANNSÓKNIR** Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar, Matis og Háskóla Íslands ásamt norskum, færeyskum, grænlenskum og kanadískum vísindamönnum rannsaka arfgerð makrils í Norður-Atlantshafi í samvinnu við útgerðarfyrirtæki. Markmiðið er að varpa ljósi á uppruna makrils innan íslenskrar, færeyskrar og norskrar lögsögu, segir á heimasíðu Hafró.

Um er að ræða þverfaglegt verkefni sem byggir á söfnun makrilsýna á mismunandi svæðum og tímabilum og úrvinnslu þeirra með tilliti til DNA-arfgerða, líffræðilegra upplýsinga, vinnslueiginleika ásamt umhverfsgögnum. Jafnframt er stefnt á að greina stofngerð makrils í Norður-Atl-

antshafi, eða fjölda stofneininga og hvort blöndun eigi sér stað milli ólíkra stofna á veiðislóð, bæði innan Evrópu sem og milli Evrópu og N-Ameríku.

Markmiðið er að verkefnið afli mikilvægra vísindagagna sem geta varpað frekara ljósi á breytingar á útbreiðslumynstri makrils í Norður-Atlantshafi.

Í verkefninu er byrjað á að þróa DNA-erfðamörk fyrir makríl. DNA-erfðamörkin eru notuð sem tæki til stofn- og upprunagreininga í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærum veiðum og hjálpa til við að spá fyrir um breytingar á útbreiðslu makrils í framtíðinni.



MAKRÍLL Verkefnið getur stuðlað að sjálfbærum veiðum.

- shá

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Boltar í stað stóla í kennslustofunum

Nemendur í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ fá að setjast á bolta þegar þeir þurfa að fá útrás fyrir umframorku. Auðveldara verður að einbeita sér að náminu.

**MENNTUN** Í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ eru ekki bara boltar í íþróttahúsnæði skólans heldur líka í sumum kennslustofum. Þegar nemendur þurfa að losna við óróa úr líkamanum í kennslustund geta þeir setið á sérstökum bolta en samtímis verið á hreyfingu.

„Umframorkan fer öll í að halda sér á boltanum. Börnin verða upptekin við það en eru ekki á ferð um stofuna. Þetta er ágætt fyrir þau sem þurfa að fá útrás. Um leið einbeita þau sér betur að náminu,“ segir Gunnhildur Harðardóttir, deildarstjóri í Lágafellsskóla.

Hugmyndina að boltunum fengu starfsmenn skólans við lestur fræðiritra. „Fjallað hefur verið um góðan árangur af tilraunum með boltana í öðrum löndum og þá datt okkur í hug að ef þetta virkaði hjá öðrum þá gæti það líka reynst vel hjá okkur,“ segir Gunnhildur.

Hún getur þess að upphaflega hafi nemendur sem sérstaklega hafi þurft á einbeitingu að halda verið látnir prófa að sitja á boltum. „Það voru keyptir nokkrir boltar fyrir skólann. Reynslan hefur verið góð og fleiri nemendur hafa prófað þetta en þeir sem þetta var fyrst hugsað fyrir. Krakkarnir finna sjálfir hvenær þeir þurfa á þessu að halda en þetta hentar ekki öllum börnum.“

Í Lágafellsskóla hafa jafnframt verið gerðar tilraunir með notkun heyrnarhlífa fyrir nemendur. „Við höfum lesið um að þær hefðu komið að góðum notum fyrir þá sem þurfa sérstakt næði til að einbeita sér og nú á skólinn nokkur stykki. Þetta er úrræði sem boðið er við ákveðna vinnu og hefur til dæmis verið hentugt í náms-



FÁ ÚTRÁS Á BOLTUM Lea Björk og Sölvi Snær, sem voru að hefja nám í 1. bekk í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, sýna ljósmyndara Fréttablaðsins boltana sem nemendum býðst að sitja á. Kennslukonan þeirra heitir Imke Schirmacher.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verum. Þeir nemendur sem vilja geta fengið að nota heyrnarhlífar við ákveðnar aðstæður,“ greinir Gunnhildur frá.

Boltarnir og heyrnarhlífar

eru notuð í öllum árgöngum þar sem óskað er eftir þeim en ekki bara í fyrstu tveimur árgöngunum þar sem kennt er í opnu rými.

ibs@frettabladid

Erótískum hljóðbókum fjlgar:

## Rómantíkin ræður ríkjum

**BÆKUR** „Mér finnst miklu skemmtilegra að lesa þessa bók en síðustu tvær bækur sem ég las, en það voru kennslubækur í leikfimi,“ segir Þórunn Hjartardóttir myndlistarkona, sem er önnur kafin þessa dagana við að lesa íslenska

þýðingu hinnar umtöluðu skáldsögu Fifty Shades of Gray eftir E. L. James, sem er mest seldu bók heims í dag, inn á hljóðbók fyrir Blindrabókasafn Íslands.

Á næstu dögum hefst einnig lestur á bókinni Fantasíur, sem ritstýrt er af Hildi Sværrisdóttur, inn á slíka hljóðbók hjá Blindrabókasafninu og má því segja að erótíkin ráði ríkjum í safninu þessa dagana.

- kg / sjá síðu 30



ÞÓRUNN HJARTARDÓTTIR

Alein í brennandi húsi:

## Sjö ára stúlku bjargað af góðum nágranna

**NOREGUR** Sjö ára stúlku sem var alein heima var bjargað úr brennandi raðhúsi í Stavangri í gærmorgun. Það var snarráður nágranni sem náði stúlkunni út og var hún heil á húfi þegar slökkviliðið kom á staðinn, að sögn Aftenposten.

Tvær íbúðir stórskemmdust í brunanum en engan sakadó. Eldsupptökin eru ókunn og rannsakar lögregla nú málið, en húsið hefur verið notað til að hýsa hælisleitendur. Barnaevndaryfirvöldum hefur einnig verið gert viðvart og verður fjölskylda barnsins krafín skýringa á því hvers vegna hún var ein heima.

- fsb

Ný hrina ofbeldisverka í Írak talin tengjast umdeildum réttarhöldum:

## Tariq al-Hashemi dæmdur til dauða

**ÍRAK** Hinn landflótta varaforseti Íraks, Tariq al-Hashemi, hefur verið dæmdur til dauða að honum fjarverandi eftir að réttur, sem fjallaði um ákæru um að hann hefði haldið úti dauðasveitum, fann hann sekan. Saksóknarar sögðu hann hafa átt þátt í 150 morðarásum og fyrrverandi lífverðir hans báru fyrir réttinum að hann hefði einnig fyrirskipað morð. Dómsúrskurðurinn var kveðinn upp í sömu mund og 45 manns féllu í 24 árásum um allt Írak.

Hashemi var í forsvari fyrir sunni-múslíma í írönsku ríkisstjórninni, sem að mestu er skipuð sía-múslímum, þar til hann var ákærður í desember á síðasta ári og flýði land. Ákærurnar ollu pólitískri upplausn í Írak þar sem aðrir stjórnálamenn úr röðum



TARIQ AL-HASHEMI Fyrrverandi varaforseti Íraks, var dæmdur til dauða í Bagdad í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

súnna gáfu út yfirlýsingu um að forsætisráðherrann, Nouri al-Maliki, væri einræðisherra og sökuðu hann um að ákæra Hashemi til að ögra súnnum og hrinda þannig

þjóðinni á ný út í átök á milli trúarhópa.

Átök hafa blossað upp víða í landinu og fara stigversnandi. Að sögn breska ríkisútvarpsins (BBC) eru öfgamenn súnna taldir ábyrgir fyrir þeim flestum og taldir tengjast al-Kaída. Í gær voru gerðar nokkrar árásir og í þeirri mannskæðustu féllu ellefu hermenn í skot- og sprengjuárás á herbúdir rétt fyrir norðan Bagdad.

Tvær sprengjur sprungu við helgistað sía í borginni Amara í suð-austurhluta landsins og þar létust að minnsta kosti fjórtán manns og sextíu særðust. Sjö lögreglumenn féllu í sprengjuárás í borginni Kiruk og í Nasiriya var gerð árás á franska sendiráðið þar sem einn maður féll. Árásir voru einnig gerðar í Tuz Khurmatu, Baquba, Basra og Samarra.

- fsb

4 sýningar  
að eigin vali  
**Áskriftar-  
kortíð okkar**  
Fjölskyldan Bjarkarásí 13,  
Garðabæ

568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



Vertu  
snjallari  
með Nova!

# Magnað tilboð á iPhone 3GS hjá Nova!

1.000 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir  
iPhone 3GS!

Frábært tækifæri til að eignast  
þinn fyrsta iPhone – félagi sem  
gerir lífið skemmtilegra.

## iPhone námskeið!

Það er frábært að eiga iPhone og enn  
skemmtilegra að kunna á hann. Námskeiðið er  
haldið í Nova Lágmúla 9 alla fimmtudaga  
kl. 12 og 17. Að sjálfsögðu er frítt og  
allir velkomnir. Skráðu þig á [iphone@nova.is](mailto:iphone@nova.is)  
og fáðu meira út úr iPhone-inum þínum.



iPhone 3GS 8 GB

49.990 kr. stgr.

2.990 kr. á mán. í 18 mán.

1.000 kr. notkun á mánuði  
í 12 mánuði fylgir!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!  
**NOVA**



## GENGIÐ 07.09.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,76	123,34
Sterlingspund	195,60	196,56
Evra	155,66	156,54
Dönsk króna	20,887	21,009
Norsk króna	21,077	21,201
Svænsk króna	18,304	18,412
Japanskt jen	1,5535	1,5625

SDR 187,30 188,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,5843

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ISLENSKT Skyr er dæmi um vöruheiti sem ástæða þykir að vernda með lögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nefnd skipuð næstu daga: Vilja lög til að verja vöruheiti

**MATVÆLAÐNAÐUR** Aðkallandi er að sett verði löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi er álit Samtaka iðnaðarins og samtaka í mjólkur- og kjötvinnslu- iðnaði. Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu stendur til að skipa nefnd á næstunni til að undirbúa slíka löggjöf.

Einar Karl Haraldsson, höfundur nýlegrar skýrslu um vernd vöruheita, segir hættu á að slík heiti verði tekin upp af öðrum. Tók hann skyr sem dæmi. Þá geti íslenskir framleiðendur ekki náð fram aðgreiningu og erfiðara verður að auka verðmæti vörunnar. Innlend löggjöf um vernd vöruheita er forsenda þess að semja um vernd íslenskra vöruheita á erlendum mörkuðum, er hans mat.

- shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Þjófur slógust við verði

Öryggisverðir í verslun við Skógarlind í Kópavogi lentu skömmu eftir hádegi í gær í handalögmaulum við mann sem talinn er hafa ætlað að stela rafmagnsvespu úr versluninni ásamt félagá sínum. Mennirnir tveir voru ölváðir og voru vistaðir í fangaeymslu fram eftir degi.

4

Útflutningur á ferskum fiski til Frakklands vaxið mikið milli ára 2011 og 2012:

## Frakkar stórtækir í fiskkaupum

**SJÁVARÚTVEGUR** Gríðarleg magnaukning hefur orðið í útflutningi á ferskum þorski og ýsu til Frakklands á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta kemur fram í samantekt Landssambands smábátæigenda úr gögnum Hagstofu Íslands. Aukningin er 49% í þorskinum og 127% í ýsu.

Frakkar kaupa langmest allra þjóða héðan af ferskum þorski eða um helmingi meira en Bretar sem eru næstir. Alls hafa tæp 40% af öllum ferskum þorski verið seld til Frakklands á fyrstu sjö mánuðum



LÖNDUN Það eru Frakkar sem kaupa mest af Íslendingum af ferskum þorski.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ársins á móti 35 prósentum í fyrra. Veruleg aukning er einnig á útflutningi til Belgíu, Bandarík-

anna og Sviss sem eru í þriðja til fimmta sæti yfir helstu kaupendur okkar af ferskum þorski. Útflutningsverðmæti á ferskum þorski á fyrstu sjö mánuðum þessarar árs nemur 12,4 milljörðum. Fersk ýsa skilaði tæpum 3,4 milljörðum í útflutningsverðmæti á tímabilinu janúar-júlí þessa árs, sem er 648 milljónum meira en á sama tímabili í fyrra.

Bretar kaupa langmest af ýsu héðan og var hlutfallið 46% á þessu ári. Næstmest er flutt út til Bandaríkjanna og þá til Frakklands.

- shá

Nýtt hvalbeinahlíð í Skruði Bein af langreyði notuð

**VESTFIRÐIR** Nýtt hvalbeinahlíð var vígt við hátíðlega athöfn í skruðgarðinum Skruði á Þingeyri í gær. Gömlu beinin hafa verið í garðinum frá árinu 1932 og eru nú varðveitt í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur.

Nýju beinin eru úr langreyði sem var veidd árið 2009 og eru gjöf frá Hval ehf. Talið er að gömlu beinin séu af einni stærstu steypireyði sem veidd hefur verið í norðanverðu Atlantshafi og eru nýju beinin rúmum metra styttri en þau gömlu.



LEITA BANAMANNINS White reyndi að aka bílnum í burtu en komst ekki langt og billinn rann á tré í grenndinni.

MYND/NEWSONG

## Morðingja íslensks pilts leitað í Tulsa

Átján ára Íslendingur skotinn til bana á bílastæði við verslun í bandarísku borginni Tulsa. Virðist hafa verið saklaus strákur á röngum stað. Félagi hans liggur milli heims og helju á spítala. Morðinginn flúði og var ófundinn í gærkvöldi.

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára íslenskur piltur, Kristján Hinrik Þórsson, var skotinn til bana á bílastæði fyrir utan verslun í bandarísku borginni Tulsa í Oklahoma aðfaranótt laugardags.

Tildrög skotárásarinnar, sem varð klukkan hálf tvö að nóttu, eru óljós. Að því er haft er eftir lögreglu í bandarískum fjölmiðlum sat Kristján Hinrik – kallaður Hinrik – í Chrysler Concorde-bíl með öðrum manni fyrir utan verslunina QuikTrip þegar árársarmaðurinn kom aðvífandi, lenti í snörpu rífrildi við öikumanninn, dró síðan upp skammbýssu og hleypti af minnst níu skotum inn í bílinn.

Fram kom í fjölmiðlum vestra í gær að árársarmaðurinn hefði haldið því fram að ökuarmaðurinn hefði nánast ekið sig niður. Hann stökk í kjölfarið á flotta. Bíll tvímenninganna rann síðan yfir á bílastæði við nálæga kirkju og staðnæmdest á tré.

Hinrik og félagi hans, hinn 37 ára gamli John White, voru fluttir í snatri á sjúkrahús þar sem Hinrik var úrskurðaður látinn. White ligg-



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Málið hefur vakið mikla athygli í Tulsa og verið meðal helstu fréttamála þar um helgina.

ur enn hinsærður á spítalanum. Ekkert hefur enn komið fram um það hvornig Hinrik og White tengjast.

Árársarmannsins, blökkumanns með hökutopp sem hafði rauða derhúfu á höfði við árásina, var enn leitað í gærkvöldi. Lögregla vann að því að fara yfir upptökur úr öryggismyndavélum á staðnum.

Haft var eftir Dave Walker, yfirmanni morðeildar lögreglunnar í

Tulsa, í fréttum RÚV í gær að svo virðist sem Hinrik hefði aðeins verið saklaus strákur á röngum stað. Hann hefur svo til alla tíð búið í Tulsa ásamt móður sinni.

Bílastæðið við QuikTrip verslunina var vettvangur áþekkrar árárs í ágúst í fyrra. Þá voru tveir menn skotnir til bana í bíl sínum og bíða tveir menn dóms fyrir morð vegna þess.

stigur@frettabladid.is

Átta umsækjendur um brauð: Steinunn valin í Hjallaprestakall

**ÞJÓDKIRKJAN** Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, upplýsinga- fulltrúi á Biskupsstofu, hefur verið valin prestur í Hjallaprestakalli. Það er valnefnd prestakallsins sem leggur til að Steinunn Arnþrúður verði ráðin.

Embættið veitist frá 1. september. Frestur til að sækja um rann út þann 8. ágúst. Átta sóttu um en einn dró umsóknina til baka.

Biskup skipar umsækjandann sem valnefndin nær samstöðu um, að því gefnu að hann telji valið reist á lögmætum sjónarmiðum. - sh



STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Dagur sjálfsvígsforvarna í dag: 33 til 37 sjálfsvíg hér árlega

**SAMFÉLAGSMÁL** Tveir til þrjár einstaklingar svipta sig lífi í hverjum mánuði á Íslandi, samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis og hafa 33 til 37 einstaklingar fallið fyrir eigin hendi árlega undanfarið ár.

Alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna er í dag. Hér á landi er dagurinn einnig helgaður minningu þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi.

Að þessu sinni verður athygli vakin á sjálfsvígum og forvörnum gegn þeim með ýmsum hætti; málþing um sjálfsvíg og forvarnarir í safnaðarheimili Dómkirkjunnar við Tjörnina er klukkan þrjú til fimm, minningarstund í Dómkirkjunni klukkan átta og kertaflýting á Tjörninni að henni lokinni.

- shá

**15% afsláttur**

**Nicotinell**  
IceMint 2 mg  
Lakrids 2 mg

204

**Lyfjaval**

A P Ó T E K

Mjódd Álftramýri  
Bílaapótek Hæðasmára

Lyfjaval.is • sími 577 1160

**VEÐURSPÁ**

**Soffía Sveinsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

**HVASST!** Í dag gengur kröpp lægð yfir landið og það verður töluvert hvasst, einkum austanlands og sunnan Vatnajökuls. Lægir smám saman í kvöld og nótt, fyrst NV-til en áfram verður hvasst SA- og A-lands á morgun. Kólnar heldur í veðri.

Á MORGUN 5-10 m/s, hvassara austan til.

MÍÐVIKUDAGUR Hvessir og þykknar upp SV-til síðdegis.

HEIMURINN	°C
Alicante	29°
Basel	29°
Berlín	28°
Billund	23°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	27°
London	21°
Mallorca	25°
New York	24°
Orlando	30°
Ósló	19°
París	27°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.  
Hítastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



**SÍÐASTI SÉNS!**

**FRÍHAFNARDAGAR**

Dagana 6. - 10. september  
afnemum við virðisaukaskatt  
af öllum snyrtivörum.

**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*



## KJÖRKASSINN



Er launahækkun forstjóra Landspítalans réttlæt看leg?

JÁ 26,3%

NEI 73,7%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú nýtt þér síðsumars-útsölnurnar?

Segðu skoðun þína á visir.is



Forstjóri LSH hefur áhyggjur af því að fjölgað hefur á biðlistum frá áramótum:

## Biðlistar lengri en færri sýkjast

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar á Landspítalanum lengjast þvert á markmið spítalans að fækka þeim kerfisbundni. Þetta kemur fram í pistli forstjórans, Björns Zoëga, sem hefur áhyggjur af þróuninni.

Í skrifum hans kemur fram að í dag eru um tvö þúsund sjúklingar á biðlistum spítalans „en það er nokkur fjölgun frá því 1. janúar síðastliðinn, þvert á markmið okkar um að fækka verulega á biðlistunum,“ segir Björn.

Hann segir markmið starfsfólks spítalans fyrir árið 2012 hafa verið mjög metnaðarfull og þess vegna



Á LANDSPÍTALA Í FOSSVOGI Ágætlega gengur að fækka spítalasykingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafi í mörgum tilvikum verið mjög erfitt að ná þeim. „Það er þó hægt

að gleðjast yfir markmiði eins og því að við nálgumst ódfluga að fækka spítalasykingum niður í 5%. Þær eru 6,1% núna en nefna má að á öðrum háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndum er tíðnin oft í kringum 9-10%,“ skrifar Björn.

Sex mánaða uppgjör spítalans var neikvætt í fyrsta skipti í þrjú ár, eða upp á 84 milljónir króna. Bráðabirgðauppgjör fyrir fyrstu sjö mánuði ársins bendir hins vegar til þess að hallinn minnki hægt og sigandi, í samræmi við endurskoðaða áætlun Landspítalans frá því í maí.

- shá

Skólastarf raskast fyrir austan:

## Vatnsleki olli stórtjóni í VA

**NESKAUPSTAÐUR** Miklar skemmdir urðu á húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað þegar heitvatnsrör sprakk og heitt vatn fossaði um bygginguna. Meðal annars skemmdust gólfefni, hurðir og húsgögn.

Ekki er búið að meta tjón á tölvubúnaði skólans og því ekki vitað hversu mikill skaðinn var.

Öll önnur hæð skólans er þó stórskemmd og kemur óhappið því til með að raska skólastarfi á næstu vikum.

- trg


Unga ástin mín

Hentar fyrir krakka á öllum aldri!

Bókin er seld með kynningarafslætti í verslunum.

www.ungaaustinmin.is

## Hjúkrunarrými í hverjum landshluta



## Uppbygging brýnust á höfuðborgarsvæði

267 aldraðir bíða nú eftir hjúkrunarrými, en þeir voru 281 á sama tíma í fyrra. Áætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir uppbyggingu rúmlega 460 rýma en stór hluti þess er ekki ný rými. Fjölgun rýma er brýnust á höfuðborgarsvæðinu.

### FRÉTTASKÝRING

Hver er staðan á hjúkrunarrýmum?

Alls eru 267 manns nú á biðlista eftir hjúkrunarrými á landinu, samkvæmt nýjum tölum frá Landlækniseimbættinu. Biðlistinn er styttri en fyrir ári, en þá beið 281 eftir hjúkrunarrými.

Flestir, eða 117 manns, bíða nú hjúkrunarrýmis á höfuðborgarsvæðinu. 37 bíða eftir plássi á Norðurlandi, 29 á Suðurlandi, 27 á Vesturlandi og 24 á Austurlandi. 21 hjúkrunarrými vantar á Suðurnesjum og 12 á Vestfjörðum.

Fyrir tveimur árum kynnti félagsmálaráðuneytið byggingaráttak og uppfærða áætlun um uppbyggingu 360 hjúkrunarrýma í níu sveitarfélögum frá árinu 2010 til ársins 2012. Sveitarfélögin sem um ræddi eru Akureyri, Borgarbyggð, Fljótshálfur, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Seinna bættist svo Ísafjörður við og ráðgert er að skrifað verði undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu í Bolungarvík á næstu dögum.

Því eru hjúkrunarrýmin sem byggja á upp samkvæmt áætluninni orðin ríflega 460, samkvæmt svari velferðarráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Ýmist er verið að fjölga hjúkrunarrýmum eða eyða fjölbýlum á hjúkrunarheimilum, en það er í samræmi við viðmið ráðuneytisins um aðbúnað í hjúkrunarrýmum.

Samkvæmt svari velferðarráðuneytisins er kostnaðurinn við þessar framkvæmdir um þrettán milljarðar króna og þær munu krefjast um 1.100 ársverka.

Utan þessarar áætlunar er einnig unnið að uppbyggingu rýma í Stykkishólmi, á Akranesi og Eskifirði.

### Staðan eftir landshlutum

Hjúkrunarrými voru 2.366 á landinu öllu í febrúar síðastliðnum. 1.330 þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu en uppbygging á 60 hjúkrunarrýmum í Garðabæ, 30 rýmum á Seltjarnarnesi, 30 rýmum í Mosfellsbæ, 44 í Kópavogi og 60 í Hafnarfirði er mislangt á veg komin.

„Þá er áætluð umfangsmikil uppbygging ríflega 200 hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hvað brýnast er að fjölga rýmum, í samstarfi við sveitarfélögin,“ segir í svari ráðuneytisins.

Á Suðurnesjum eru 114 hjúkrunarrými nú. Komist hefur verið að samkomulagi um byggingu sextíu rýma hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ sem mun leysa af hólmi þau rými sem nú eru í notkun á hjúkrunarheimilinu Hlévangi og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Nýja hjúkrunarheimilið á að komast í notkun 2014.

Á Vesturlandi eru 179 hjúkrunarrými. Ný viðbygging við

Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi var tekin í notkun í sumar, en hjúkrunarrýmum fjölgaði ekki við það. Búið er að undirrita viljayfirlýsingu um uppbyggingu hjúkrunarrýma í Stykkishólmi, en rýmum mun ekki fjölga við það. Þá verða níu rými fyrir heilabílaða vígð á Höfða á Akranesi í næstu viku.

Á Vestfjörðum eru 49 hjúkrunarrými en í byggingu er 30 rýma heimili á Ísafirði. Þá er áætlað að

undirrita samning um uppbyggingu einbýla á nýju hjúkrunarheimili í Bolungarvík.

Á Norðurlandi eru 360 hjúkrunarrými en fyrir skemmstu var nýtt hjúkrunarheimili, Lögmanshlíð, fullbúið til notkunar. Þangað flytjast 45 íbúar af öðrum dvalarheimilum.

Á Austurlandi eru nú níutíu hjúkrunarrými. Í vor var skrifað undir samning um byggingu hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum sem á að taka í notkun árið 2014. Hjúkrunarrými fyrir fjörutíu manns verða á heimilinu. Þá er stefnt að því að nýtt hjúkrunarheimili verði tekið í notkun á Eskifirði á næsta ári, en það verður fyrir tuttugu íbúa.

Á Suðurlandi eru 244 hjúkrunarrými. Engin uppbyggingarform voru í landshlutanum samkvæmt fyrrgreindum áætlunum.

thorunn@frettabladid.is

Eirídag

KEMUR HEILSUNNI Í LAG

20% AFSLÁTTUR  
10.-30. SEPTEMBER



LYFJAVER

APÓTEK • LYFJASKÖMMTUN

SUÐURLANDSBRÁUT 22 SÍMI 533 6100 LYFJAVER.IS

nettó  
Kræsingar & kostakjör



Léttopi 228 KR

ALLT Á PRJÓNANA Í NETTÓ!

Garndeildir Nettó | Reykjanesbær | Grindavík | Egilsstaðir | Akureyri | Mjódd | Grafarvogur | Borgarnes




# Númer eitt!



## Hydroxycut

Hydroxycut er vinsælasta fitubrennsluefnið á Íslandi undanfarin ár og samkvæmt könnun velja sjö af hverjum tíu Hydroxycut þegar þeir velja fitubrennsluefni. Hydroxycut eykur hitastig líkamans og margfaldar þannig fitubrennsluna. Það minnkar einnig matarlyst og eykur orku í dagsins önn.


Notkun: 1-2 töflur tvisvar á dag.



## Hydroxycut Drink mix

Hydroxycut er líka fánlegt í duftformi til að blanda í vatn fyrir þá sem vilja fá bragðgóðan en jafnframt kröftugan brennsludrykk.

Notkun: 1 bréf tvisvar á dag.



Elín Ósk Kragh

Helstu söluaðilar:

Hagkaup - Fjarðarkaup - Iceland  
Lyf & heilsa - Lyfja - Apótekið - Apótekarinn

Umboðsaðili  
**FITNESS  
SPORT**  
FAXAFEN 8 • SÍMI 544-5555  
fitnesssport.is - fitnesssport@fitnesssport.is



Fréttaviðtal: Fjölbjóðleg samvinna á Norðurlóð

# Vill auka verulega samstarf við Ísland

**Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski var stödd hér á landi í vikunni þar sem hún sótti þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál. Hún segir nauðsynlegt að styrkja formlegt hlutverk Norðurskautsráðsins og tekur undir hugmyndir um nánara tvíhliða samstarf Bandaríkjanna og Íslands á margvíslegum sviðum.**

„Við í þingmannaráðinu hittumst á tveggja ára fresti og nú sem fyrr vorum við að ræða hin margvíslegu mál sem tengjast norðurlóðum,“ segir Murkowski í samtali við Fréttablaðið, en hún er annar fulltrúi Alaskaríkis í öldungadeild bandaríska þingsins.

„Þar á meðal ræddum við um stjórnun yfir svæðinu, uppbyggingarverkefni og fleira. En mikil áhersla var lögð á nauðsyn þess að efla Norðurskautsráðið og að það verði viðurkennt formlega sem samráðsvettvangur aðildarþjóðanna í málefnum sem tengjast Norðurlóðum.“

## Sameiginlegir hagsmunir

Murkowski segir norðurskautsvæðið í stöðugri þróun, meðal annars með bráðnun hafíshellunnar og það sé skylda norðurheimskautsþjóða að tryggja aukna samvinnu og samráð.

„Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að tryggja það að öll þau skref sem við tökum séu tekin af ábyrgð og nærgætni gagnvart umhverfinu.“

Aðspurð hvort ekki sé erfitt að finna jafnvægi milli þess að vinna að efnahagslegri uppbyggingu og vernda umhverfið segir hún svo vissulega vera, ekki síst í hennar heimaríki, Alaska. Þar eru gríðarlegir hagsmunir í olíu- og gasvinnslu og síðustu misseri hafa staðið harkalegar deilur innan Bandaríkjanna um það hvort taka eigi ný svæði undir vinnslu.

„Það er alltaf spennan milli þróunarverkefna og þess að tryggja það að gengið sé fram með ábyrgð gagnvart umhverfinu. Shell hefur nú fengið rannsóknarleyfi á hafsvæðinu norður af Alaska, fyrst



LISA MURKOWSKI Hún segir mikilvægt að Norðurskautsráðið verði viðurkennt formlega sem samráðsvettvangur aðildarþjóðanna í málefnum sem tengjast Norðurlóðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fyrirtækja í þrjátíu ár. Stjórnvöld hafa hins vegar sett afar ströng skilyrði með tilliti til áhrifa á loft, vatn og dýralíf á svæðinu. Kröfurnar eru miklar enda er afar mikilvægt að tryggja rétt vinnubrögð til að vera viss um að halda jafnvægi milli þróunarverkefna og náttúruverndar.“

## Mikilvæg tengsl

Á fundi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og Hillary Clinton, starfssystur hans, í fyrravor boðuðu þau bæði nánara samstarf þjóðanna, ekki síst varðandi málefni sem varða norðurlóðir.

Murkowski segist aðspurð sjá mikla og margvíslega möguleika á tvíhliða samstarfi Íslands og Bandaríkjanna, enda sé margt hægt að læra af Íslendingum.

„Það er kominn tími til þess að við Bandaríkjamenn leggjum harðar að okkur við að styrkja sambandið. Ekki aðeins við

## Fædd og uppalin í Alaska:

Lisa Murkowski er fædd árið 1957 í Alaska og er annar tveggja fulltrúa ríkisins í öldungadeild bandaríska þingsins. Hún er repúblíkani og hefur setið í öldungadeildinni frá árinu 2002. Hún tók við þingsæti föður síns, Franks Murkowski, eftir að hann var kjörinn ríkisstjóri Alaska. Frank náði ekki endurkjöri árið 2006, en þá laut hann í lægra haldi fyrir Söruh Palin. Í forvali Repúblíkanaflokksins fyrir öldungadeidarkosningar 2010 tók Palin afstöðu gegn Lisu Murkowski sem tapaði í því kjöri. Murkowski bauð sig hins vegar fram á eigin vegum og varði sæti sitt með sigri í þingkosningunum.

Ísland, heldur öll heimskautsríkin. Við höfum verið nokkuð sein að átta okkur á því að við erum sannarlega norðurskautsþjóð, en það stendur til bóta og við eigum margt sameiginlegt.“

Murkowski segir til dæmis von á sendinefnd stjórnmalamanna og viðskiptafólks frá Alaska til Íslands fyrir lok árs.

„Þau munu til dæmis kynna sér hvernig Íslendingar hafa nýtt sér jarðhita, sem við Alas-



Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að tryggja það að öll þau skref sem við tökum séu tekin af ábyrgð og nærgætni gagnvart umhverfinu.

utanríkisráðherra um að við eigum að auka verulega samstarf Bandaríkjanna við Ísland.“

## Horft fram á við

Bandaríski herinn yfirgaf landið þegar flotastöðin á Keflavíkurlugvelli var lögð niður árið 2006. Í ljósi þróunar síðustu ára og aukins vægis Íslands á alþjóðavettvangi í krafti stöðu sinnar gæti ákvörðun bandarískra stjórnvalda um brottför vírst ótímber, en Murkowski segir fánýtt að velja slíku fyrir sér eins og sakir standa.

„Það er alltaf auðvelt að líta um öxl, en það sem skiptir nú máli er að horfa fram á við og skoða þau svið þar sem við getum aukið samstarf þjóðanna.“

Porgils Jónsson  
thorgils@frettabladid.is



www.volkswagen.is



\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Caddy\* kostar aðeins frá  
**2.950.000 kr.**  
(kr. 2.350.597 án vsk)

Fæst einnig  
fjór hjóladrifinn



Atvinnubílar

Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





# STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

Verð frá  
**27.900**



RÚNNAD 80x80 og 90x90



KANTAD 80x80 og 90x90



KANTADUR STÆRDIR: 80x80 og 90x90



RÚNNADUR STÆRDIR: 80x80 og 90x90

Heill lokaður hornlisti

Verð frá  
**56.900**

## heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusettt fylgir

### BADKARS HLIFAR

- 60x150 sm
- 85x150 sm
- 70x140 sm
- 80x140 sm
- 90x140 sm
- 100x140 sm

Verð frá  
**17.900**



- fyrir þitt heimili

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is





**RISA FÍLL** Hindúar á Indlandi draga á eftir sér risastórt filshöfuð sem táknar gyðjuna Ganeshu. Styttn verður hluti af tólf daga hátíð hindúa.

NORDICPHOTOS/AFP

Borgarstýrjöldin í Sýrlandi: Erlendum upp-  
reisnarmönnum fjölga

**SÝRLAND** Mikil aukning hefur orðið á erlendum islamistum sem nú berjast við hlið uppreisnarmanna í Sýrlandi. Þetta segir franskur læknir sem hefur á síðustu vikum hlúð að fórnarlömbum átakanna í Aleppo, fjölmennustu borg Sýrlands.

Hinn sjötíu ára gamli Jacques Beres, sem einnig hefur starfað í borgunum Homs og Idlib, sagði við Reuters að rúmur helmingur þeirra uppreisnarmanna sem hann hlúði að hafi verið erlendir íslamistar sem komið hafi til Sýrlands til að steypa Bashar al-Assad, Sýrlandsforseta, af stóli.

Markmið þeirra að sögn Beres var að koma á sharia-lögum á landinu.

### Fjöldi plássá leikskólum í Reykjavík 1. október\*

	Leikskólar Reykjavíkur	Sjálfstætt starfandi	Samtals
2000	5.240	430	5.670
2001	5.462	572	6.034
2002	5.772	590	6.362
2003	5.810	576	6.386
2004	5.800	640	6.440
2005	5.729	648	6.377
2006	5.799	535	6.334
2007	5.526	869	6.395
2008	5.676	831	6.507
2009	5.684	918	6.602
2010	5.739	999	6.738
2011	5.790	1.003	6.793
2012	5.837	913	6.750

Rétt er að taka það fram að þau ár sem erfiðlega gekk að ráða fólk til starfa í leikskólum, aðallega haustin 2007 og 2008, eru fjöldatölur barna lægri í töflunni. Ástæðan er ekki fækkun plássá, heldur skortur á starfsfólki.

\*Tölur frá 2012 miðast við 5. september að viðbættum þeim sem væntanleg eru inn í leikskóla á næstu vikum.



**LEIKSKÓLAKRAKKAR** Framlög Reykjavíkurborgar til leikskóla hafa aukist um 2,7 milljarða frá árinu 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nánast öll börn í leikskólum borgarinnar í heilsdagsvistun

Leikskólalássam í Reykjavík hefur fjölgað um 19 prósent frá árinu 2000. Börnum á leikskólaaldri hefur fjölgað um tæpt prósent. Heilsdagsvistun hefur aukist. Plássam á einkareknum skólum fækkaði 2012.

## FRÉTTASKÝRING

Hver er þróunin í leikskólalásum í Reykjavík?

Leikskólalássam sem í boði eru í Reykjavík hefur fjölgað um 19 prósent frá árinu 2000. Hjá borginni hefur þeim fjölgað um 11,4 prósent, úr 5.240 plássam í 5.837 pláss í ár. Þegar sjálfstætt starfandi skólum er bætt við hefur plássam fjölgað úr 5.670 árið 2000 í 6.750 í ár. Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá Reykjavíkurborg um þróunina í leikskólalásum.

Ýmislegt forvitnilegt kemur í ljós þegar rýnt er í tölurnar. Þar má til dæmis sjá að plássam hjá sjálfstætt reknum leikskólum fækkaði á milli árunna 2011, þegar þau voru flest, og

2012. Plássam á einkareknu skólunum hefur þó fjölgað um 12,3 prósent frá árinu 2000.

Þegar tölur Hagstofu Íslands eru skoðaðar sést að börn á aldrinum tveggja til fimm ára í Reykjavík voru 6.624 árið 2000 en í ár eru þau 6.684. Það er fjölgun upp á tæpt prósent, sem er örliðu minna en íbúafjölgun alls á tímabilinu.

Börnum sem njóta heilsdagsvistunar, sjö klukkustundir á dag eða lengur, hefur fjölgað mikið á tímabilinu. Árið 2000 voru um 70 prósent barna í slíkri vistun en í ár eru þau 97 prósent. Það þýðir að nær öll börn á leikskólum í dag eru í heilsdagsvistun. Hvort það er vegna aukins vinnutíma foreldra eða ekki skal ósagt látið.

Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri hjá skóla- og frístundasviði borgarinnar, segir þetta þýða að mun fleiri dvalarstundir verði til í leikskólanum, en það er sá tími sem barn dvelur í leikskólanum.

„Sem dæmi um það voru 3.670 börn með heilsdagsvistun árið 2000, sem þýðir um 30.000 dvalarstundir, en 5.660 árið 2011, sem eru um 45.000 dvalarstundir. Framboð á þjónustu hefur því aukist meira en sem nemur fjölda plássá, þar sem lengd hvers pláss hefur einnig aukist.“

Fréttablaðið fékk ekki kostnaðartölur við leikskólana nema frá árinu 2007. Á þeim tíma hafa framlög borgarinnar til þeirra aukist úr 7,3 í 10 milljarða.

kolbeinn@frettabladid.is

# Láttu hjartað ráða



**5 KRÓNUR** AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER RENNA TIL BARNAHEILLA



„Hnetusmjórið mitt inniheldur 99,5% hnetur og aðeins 0,5% salt og er því í miklu uppáhaldi hjá mér.“

*Sella*

**BÓNUS**

HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · [www.lifraent.is](http://www.lifraent.is)



HIMNESKT



Mitt Romney, forsetaframbjóðandi Repúblikana, dregur í land í sjónvarpsviðtali:

# Vill halda nokkrum ákvæðum í heilbrigðislögum

**BANDARÍKIN** Mitt Romney, forsetaframbjóðandi Repúblikana, sagði í viðtali á NBC-sjónvarpsstöðinni í gær að kæmist hann til valda myndi hann láta sumar þær breytingar sem Barack Obama forseti hefur gert á heilbrigðiskerfi Bandaríkanna halda sér.

„Auðvitað eru þó nokkur atriði í umbótunum á heilbrigðiskerfinu sem falla mér í geð,“ sagði Romney. „Eitt af þeim er að tryggja að þeir sem greinst hafa með sjúkdóma áður en þeir sækja um tryggingu fái hana.“

Romney sagði einnig að hann myndi leyfa ungu fólki að nýta tryggingar foreldra sinna, en þetta tvennt hefur hlotið einna mesta almannahylli af þeim umbótum sem eru í nýju heilbrigðislagnum. „Ég hef sagt að við munum setja ný heilbrigðislag og það mun ég gera,“ sagði Romney. „Ég mun setja mín eigin lög. Og þegar ég var ríkisstjóri í Massachusetts þá voru þessi ákvæði um fyrirfram greinda sjúkdóma og tryggingar ungs fólks hluti af heilbrigðisstefnu okkar.“



**EKKI SINNASKIPTI** Mitt Romney segist hafa haft nokkur ákvæði nýju heilbrigðislaganna í heilbrigðisstefnu sinni sem ríkisstjóri í Massachusetts.

Romney varði einnig í viðtalinu þá ákvörðun sína að minnst ekki á Afganistan og veru bandarískra hersveita þar í ræðunni sem hann hélt þegar hann hlaut útnefninguna sem forsetaframbjóðandi.

Hann sagðist hafa verið í Afganistan og að hersveitirnar þar vissu að þær skiptu hann máli.

„Ég hef ekki sömu stefnu og forsetinn og mér finnst það skipta meira máli en hvaða orð ég nota í ræðum mínum,“ sagði hann.



**HAUS Í HAFI** Ný hvít stytta er risin við ströndina í Rio de Janeiro í Brasilíu.



**HÖFÐI** Húsið verður opnað á ný næsta sumar vegna þess hversu vel þótti ganga í sumar.

Sumarið gert upp:

**6.300 gáfu 105 þúsund í Höfða**

**REYKJAVÍK** 6.300 manns heimsóttu Höfða í sumar. Húsið var opið gestum og gangandi yfir sumar-mánuðina í tilraunaskyni.

Ákveðið var að aðgangur að húsinu yrði ókeypis en settur var upp baukur þar sem tekið var við frjálsum framlögum. Rúmlega 105 þúsund krónur höfðu safnast í baukinn eftir sumarið. Ákveðið var að rúmlega 75 þúsund færu í viðhald hússins en 30 þúsund krónur voru gefnar til Vildar-barna.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hefur verið ákveðið að opna Höfða á nýjan leik næsta sumar.



**SELFOSS** Umsvið ferðaþjónustu hafa aukist í Árborg eins og víðast.

Skattahækkun á ferðaiðnað:

**Árborg með hörð mótmæli**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Slík fyrirvaralaus, einhliða ákvörðun myndi setja rekstur greinarinnar í algert uppnám,“ segir bæjarráð Árborgar sem mótmælir harðlega hugmyndum um að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu úr sjö prósentum í 25,5 prósent. Bæjarráð skoraði á þingmenn „að standa vörð um uppbyggingu eins helsta vaxtarsprotu í atvinnulíf-inu á Íslandi“.

Bæjarráðsmaður Samfylkingarinnar sat hjá. „Sjálfsagt og eðlilegt er, áður en ákvörðun um skattahækkun á ferðaþjónustuna er tekin, að ganga úr skugga um hvort gengið sé of nálægt greininni með hugsanlegri skattlagningu,“ bókaði hann.

**UMHVERFISMÁL**


**Vilja losna við ágang refa**

Félag sumarrúsaeygenda í Farengi í Grímsness- og Grafningshreppi hefur kvartað til sveitarfélagsins undan ágangi refa á svæðinu. Sveitarstjórnir segir refa- og minkaskyttur sveitarfélagsins bregðast við þegar haft sé samband við þær.

## LYFIS lækkar lyfjakostnað landsmanna

# 1.140.775.071 kr.


er árlegur sparnaður ríkis og þegna vegna 40 fyrstu lyfja LYFIS og þeirra verðlækkana sem orðið hafa vegna þeirra nú þegar.



Útreiknaður heildarmarkaður vegna þeirra 40 lyfjategunda sem LYFIS hefur komið með samheitalyf við. 2,93 milljarðar kr: heildarsala allra framleiðanda á lægsta mögulega smásöluverði fyrir innkomu LYFIS. 1,79 milljarðar kr: heildarsala allra framleiðanda á lægsta mögulega smásöluverði í september 2012.

...en á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 10%

Með því að velja ódýrasta lyfið stuðlar þú að áframhaldandi og varanlegri lækkun lyfjaverðs - er þér boðið ódýrasta lyfið í apótekinu þínu?



**Stöndum saman – höldum áfram að lækka lyfjaverð**

Ert þú þátttakandi í að lækka lyfjaverð?

LYFIS ehf. er samheitalyfjafyrirtæki sem selur lyf undir eftirfarandi vörumerkjum frá framleiðendum sem eru í hópi þeirra þekktustu og öflugustu, með lyf á markaði um allan heim. Við hvetjum þig til að vera vakandi fyrir þessum heitum og styðja þannig aukna samkeppni á lyfjamarkaði og lækkandi lyfjaverð.



Grensásvegi 22 | Sími 534 3500 | www.lyfis.is



# Perudagar

Nú þegar hausta tekur og landsmenn verða áþreifanlega varir við myrkrið, ætlar Glóey að efna til svokallaðra perudaga sem standa munu **dagana 10.-14. september.**

Verslunin býður þá viðskiptavinum sínum aðstoð og lausnir við val á ljósaperum og verða allar perur seldar á sérstökum afslætti.

Boðið verður upp á ráðgjöf varðandi orkusparnað í inni- og útiljósum og hvað er til ráða vegna glóperubannsins.

Þessa dagana brenna ýmsar spurningar á fólki.

Er hægt að dimma sparperur?

Fæ ég perur í gömlu ljósakrónuna mína?

Fást sérperur áfram sem glóperur?

Eru allar sparperur með blárrí/gulrí birtu?

**Verslunin Glóey er til húsa í Ármúla 19.**



**SAMÚÐARKVEÐJUR** Lögreglumaður kemur fyrir blómvöndum frá syrgjandi þorpsbúum við hús al-Hilli-fjölskyldunnar í Claygate.

NORDICPHOTOS/GETTY

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

## Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni [meiraprof.is](http://meiraprof.is) eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

### Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki biðu eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímenn til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



## Bróðirinn hefur réttarstöðu vitnis

Franska og breska lögreglan vinna saman að rannsókn morðárásarinnar í Haute Savoie. Yngri dóttirin fékk að fara heim til Bretlands í gær, en þeirri eldri er enn haldið sofandi á sjúkrahúsi í Sviss.

**BRETLAND** Zeena al-Hilli, litla stúlkun sem slapp ómeidd úr morðárásinni í Haute Savoie í Frakklandi á miðvikudaginn, fékk að fara heim til Bretlands í gær. Ættingjar hennar fóru til Frakklands í fylgd félagsráðgjafa og sóttu hana eftir að franskir saksóknarinn Eric Mailaud hafði yfirheyrt hana og komist að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki séð neitt. Systir hennar, Zainab, er nýkomin til meðvitundar á háskólasjúkrahúsinu í Grenoble, en hún var skotin í öxlina og barin í höfuðið. Báðir foreldrar stúlkunnanna létust í árásinni auk 74 ára gamallar konu, sem talin er vera móðuramma þeirra, og hjólréiðmanns sem bjó í nágrenninu.

Niðurstöður krufninga lágu fyrir á föstudagskvöld og leiddu þær í ljós að öll fórnarlömbin höfðu verið skotin nokkrum sinnum auk þess að vera barin. Franska og breska lögreglan vinna saman að rannsókn málsins og einnig hefur franska lögreglan óskað eftir aðstoð frá ítölskum og svissneskum kollegjum sínum. Á laugardag hófst rannsókn á heimili al-Hilli-fjölskyldunnar í Claygate á Englandi í leit að einhverju sem gæti gefið til kynna ástæðu fyrir morðunum, sem lögreglan segir að hafi greinilega verið skipulögð. Orð-



**HÚSIÐ RANNSAKAÐ** Heimili al-Hilli-fjölskyldunnar í Claygate í Surrey á Englandi.

rómur hefur verið uppi um að Saad al-Hilli og bróðir hans, Zaid, hafi átt í deilum vegna peningamála, en lögreglan segir Zaid neita því staðfestlega og varar við því að fólk hrapi að ályktunum. Zaid hafi réttarstöðu vitnis, eins og aðrir fjölskyldumeðlimir.

Í gær var fjölskyldunnar minnst við messu í Claygate og sagði einn kirkjugesta í samtali við BBC að stemningin hefði verið mjög tilfinningabrunin og þessir skelfilegu atburðir hefðu þjappað þorpsbúum saman. „Ef litlu stúlkurnar koma hingað aftur er alveg öruggt að sá sem sér um þær fær mikinn stuðning,“ sagði þessi ónefndi íbúi Claygate.

fridikab@frettabladid.is



**ÁFALL** Syrgjandi konur sem kynntu sig sem fjölskylduvini al-Hilli-fjölskyldunnar.

Vissir þú að...  
Foreldrum og yfirvöldum  
þer að tryggja öryggi barna



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



# 9,4% kynbundinn launamunur

**Launakönnun VR  
2012  
er komin út**

Laun félagsmanna VR hækkuðu að  
meðaltali um 7% á milli ára.

Konur mælast nú með 9,4% lægri laun en  
karlar fyrir sambærileg störf.

**Baráttan heldur áfram!**

Farðu á [www.vr.is](http://www.vr.is) og kynntu þér þína stöðu






Ríki og sveitarfélög verða að ganga í takt í leikskólamálu:

## Vandinn liggur í kjörunum

**E**f fram heldur sem horfir verður lagaákvæði um að tveiri þriðju hlutar starfsmanna leikskóla skuli vera með leikskólakennarapróf ekki uppfyllt fyrr en árið 2041 í allra fyrsta lagi. Sá útreikningur miðast þó við að hvert þeirra 180 námssplássu sem til boða standa ár hvert séu fullnýtt og að ekkert brottfall berði úr námi og allir útskrifaðir skili sér til starfa.



Á sama tíma dregur úr aðsókn í leikskólakennaranám og á því námsári sem nú er nýhafið er langt frá því að hvert námsspláss í greininni sé skipað. Þetta er heldur öfugsnúið. Enginn sem hefur kynnt sér kjör leikskólakennara getur þó undrast ástandið. Þessi kjör eru ekki aðlaðandi og í raun auðvelt að setja sig í spor ungs fólks sem stendur frammi fyrir því að velja sér námsbraut, eða velja það að fara beint út á vinnumarkaðinn án þess að verja tíma og peningum í starfsmenntun, að laun sem losa 300 þúsund krónur á mánuði séu ekki freistandi kostur eftir fimm ára háskólanám með tilheyrandi söfnun námslánaskulda í tilviki flestra, auk þess sem starfsævin hefst jú síðar eftir því sem nám er lengra.

Starf leikskóla hér á landi er til fyrirmyndar þökk sé einvalaði sem hefur valið sér þennan starfsvettvang þrátt fyrir kjörin. Undanfarin ár hefur auk þess átt sér stað þróun í starfi leikskólanna, þróun sem gerir vaxandi kröfur til starfsfólks.

Námskrá fyrir leikskóla er á forræði ríkisins þannig að menntamálayfirvöld í landinu leggja línurnar um innra starf leikskólanna og um leið kröfur sem gerðar eru til starfsmanna þeirra. Menntun leikskólakennara er sömuleiðis á borði ríkisins.

Rekstur leikskóla er hins vegar á forræði sveitarfélaganna í landinu. Það eru þau sem semja um kaup og kjör við leikskólakennara, og annað starfsfólk leikskóla, og greiða þeim launin.

Í takt við aukinn metnað ríkisins um innra starf leikskóla hefur leikskólakennaranám verið lengt úr þremur árum í fimm. Á fáeinum áratugum hefur nám leikskólakennara þannig þróast frá því að vera þriggja ára nám á framhaldsskólastigi yfir í að vera fimm ára háskólanám. Þessi þróun endurspeglar hins vegar á engan hátt í launþróun leikskólakennara. Metnaður menntamálayfirvalda fyrir fyrsta skólastiginu, leikskólanum, eykst sem endurspeglar í námskránni og auknum kröfum um menntun leikskólakennara. Á sama tíma standa sveitarfélögin fast á bremsunni varðandi launakjör stéttarinnar. Þannig virðist sem ríki og sveitarfélög gangi ekki alveg í takt þegar kemur að málefnum leikskólanna.

Þá má velja fyrir sér tilganginum með lagasetningu sem ljóst er að ekki verður hægt að uppfylla fyrr en eftir nokkra áratugi, og viljanum til að fara að lögum þegar mál standa eins og raun ber vitni. Eitthvað verður undan að láta því það er ólíklegt að hægt verði að freista nægilega margra til þess að leggja út í fimm ára háskólanám upp á þau býti sem bjóðast í leikskólunum. Ríki og sveitarfélög þurfa að ganga í takt og sá taktur verður að vera raunhæfur.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Kona

Sjálfstæðisflokkurinn þarf senn að velja sér nýjan varaformann enda ætlar sá sem nú situr, Ólöf Nordal, að flytja til Sviss. Ekki er vitað hver verður næsti varaformaður, en þó bendir allt til þess að hann verði kona. Um það virðast alltént allir vera sammála sem hafa tjáð sig um málið, hvort sem það eru Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir, þingkonur flokksins, Grétar Eypórsson stjórnmalafraeðingur eða Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, sem segir á vef sínum að næsti varaformaður verði „að öllum líkindum kona“.

#### Augljósasti kosturinn

Flokkurinn þykir þurfa konu í varaformannsembættið eftir að Ragnheiður Elin Árnadóttir var sett af sem þingflokksformaður. Ragnheiður var óánægð með breytinguna og lýsti metnaði sínum til ráðherrastöðu í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku. Blasir ekki við að Ragnheiður gefi kost á sér sem varaformaður flokksins? Og mun einhver eiga roð í hana?

#### Afturkvæmt

Það væri þá kannski helst gamli varaformaðurinn, Þorgeður Katrín Gunnarsdóttir, sem gæti velgt henni undir uggum. Þótt hún hafi hætt varaformennskunni vegna umdeilda hrunmála þá er ekki þar með sagt að hún geti ekki átt afturkvæmt. Fordæmið var jú sett þegar Illugi Gunnarsson sneri aftur í þingflokksformannsstölinn á dögumunum.

stigur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Fjarlægðin gerir fjöllin blá

#### Efnahagsmál



Eygló Harðardóttir Alþingismaður

Síðastliðinn fimmtudag skrifaði Jón Steinsson mikla lofæðu um ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur í Fréttablaðið. Jóni sviður að stjórnvöld skuli ekki njóta sannmælis meðal íslensks almennings og tíni til ýmis atriði sem hann telur henni til tekna. Vissulega er rétt hjá Jóni að ríkisstjórnin er ekki alsæl og ýmislegt hefur áunnist við að reisa landið úr rústum fjármálahrunsins. En heldur þótti mér sérkennilegt að telja til afreka tvö af stærstu mistökum stjórnarinnar.

Í greininni hrósar Jón stjórnvöldum fyrir vel heppnaða einkavæðingu bankanna og að hafa ekki farið í almennar aðgerðir til hjálpar skuldugum heimilum. Einmitt í þessum tveimur atriðum greinir á milli stefnu stjórnvalda og þeirra leiða sem Framsóknarflokkurinn lagði til í kjölfar hrunsins.

Við lögðum til að við uppgjör milli gömlu og nýju bankanna yrði svigrúmið sem þar myndast nýtt til að fara í almennar leiðréttingar á lánum heimila og fyrirtækja. Með því yrði tryggt að jafnt yrði látið yfir alla ganga og þeir sem varlega fóru fengu aðstoð, ekki síður en þeir sem spenntu bogann of hátt fyrir hrun. Tekið yrði tillit til hugsanlegs ólögmætis gengisþryggingarinnar við uppgjör og kröfuhafar látnir taka ábyrgð á óvarlegum lánveitingum til bankanna.

Ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur hunsaði þetta allt. Andlitslausum vogunar-sjóðum voru afhentar skuldir heimilanna til innheimtu og aðgangsharka þeirra hefur skilað bönkunum 200 milljarða hagnaði frá hruni. Jón heldur því fram að tillögur Framsóknarmanna hefðu „verðlaunað þá sem fóru sér að voða fjárhagslega á árunum fyrir hrun á kostnað þeirra sem fóru varlegar“. Staðreyndin er sú að það er einmitt það sem núverandi stjórnvöld hafa gert.

Helstu úrlausnir á skuldavandanum hafa ekki komið frá ríkisstjórninni, heldur með þrautseigju einstaklinga fyrir dómstólum. Aðgerðir stjórnvalda hafa nánast verið eins og að spila í rússneskri rúllu – hending ein hefur ráðið því hvort tegund láns, orðalag samninga, tímasetning eða veð hafa orðið til þess að fólk hafi fengið úrlausn sinna mála eða skilið eftir í skuldafjötrunum.

Í aðgerðum stjórnvalda hefur ekki falist nein sanngirni, réttlæti eða jöfnuður. Afleiðingin er að aldrei hafa fleiri Íslendingar verið á vanskilaskrá og aldrei fleiri í vanskilum við Íbúðalánasjóð.

Það er spurning hvort í orðum Jóns Steinssonar endurspeglar málshátturinn að fjarlægðin geri fjöllin blá og mennina mikla.

## STÓRLÆKKAD VERÐ

**ÆGIR TJALDVAGN\***  
+ fortjald og yfirbreiðsla  
Útsöluverð kr. 890.000.  
\*Leiguvagn árg. 2012

**ÚTSALA**

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is



# Hungurleikarnir á Miklubraut

Í DAG

Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur



Við vorum á Spáni fjölskyldan í sumar og meðal þess sem var svo ánægjulegt að upplifa var sá síður ökumanna að staðnæmast nær undantekningarlaust fyrir gangandi vegfarendum. Þetta er víst mikið gert í útlöndum, heyrir maður. Annað sem var beinlínis hrífandi að fylgjast með í fari hinna erlendu ökumanna var sá síður þeirra að gefa stefnuljós þegar þeir hugðust beygja, svo að aðrir vegfarendur gætu gert ráðstafanir í samræmi við það. Svona er þetta víst í útlöndum. Þar er ekki farið með áform um væntanlega beygju sem við kvæmar trúnaðarupplýsingar sem heyra undir persónuvernd ... Eins og hjá sumum.

Við þekkjum öll staðlaðar hugmyndir um ökulag tilgreindra þjóða og hvernig það endurspeglar eitthvað sem kennt er við þjóðarkarakter. Ítalirnir með allt handapatið að veifa hver öðrum út um bílglugga; Englendingar öfugum megin í sinni sérviskuræktun og heimsveldisörum; Frakkar með óskiljanleg hringtorg; Indverjar brunandi fyrir blindhornin með ramma forlagahyggju að leiðarljósi; Þjóðverjar – vrúmm! – áfram á átóbönnum og vei þeim sem drollar þar á framúrakrein – þar líðst engum

að hugsa: ég hef ákveðið að vera hér á vinstri akrein og ég ætla að vera þar eins og mér hentar og aka eins og mér sýnist og ég tel mig hafa fullt leyfi til ...

Eins og hjá sumum. Því þar er auðvitað íslenski ökubúrinn lifandi kominn, sem áskilur sér fullan rétt til að þvælast fyrir öðrum sé hann í skapi til þess. Sem hann er ansi oft. Við erum áreiðanlega vænsta fólk hér á Íslandi en sé sú kenning rétt að ökulag endurspeglar þjóðarsál er óneitanlega viss ástæða til að hafa áhyggjur ...

líti á aðra ökumenn eins og hina keppendurnar í Hungurleikum. Þeir sjá þá að minnsta kosti ekki sem meðborgara á sömu leið heldur óvini sem þarf að sjá við og snúa á.

Á fjölförnum umferðargötum er loftið lævi blandið. Hver og einn virðist staðráðinn í að láta ekki hlut sinn fyrir neinum. Vera á undan að næstu ljósum. Ná leiftursnöggt að smeygja sér inn í bilið sem kann að vera milli tveggja bíla þar sem bílstjórnarnir eru þeir afglappar að hafa bíllengd á milli sín;

dýrmætu frumkvæði. Í hverju? Keppninni. Hvaða keppni? Nú Keppninni.

Og erum við þá svona? Það mætti ætla það. En svo hittir maður þetta sama fólk einhvers staðar þar sem það þarf ekki að vera í Keppninni og þá reynist þetta vænsta fólk fullt af tillitssemi og elskulegheitum og horfir alls ekki á mann eins og það telji mann sitja á svikráðum við sig – öðru nær.

## Ökuleiði

Eiginlega er önnur skýring nærtækari á þessu útbreidda fúllyndi íslenskra ökumanna í umferðinni og hún er sú að Íslendingum leiðist almennt að aka bíl. Um leið og þeir séu komnir undir stýri geti þeir naumast á heilum sér tekið fyrir en þeir eru lausir við þetta og komnir heim á Facebook. Eina fólkíð – fyrir utan olúfúlgögin – sem hefur einhverja ánægju af samgöngumálum hér á landi eru listrænu umferðarverkfræðingarnir sem hér hannar hver sína útfærslu af umferðarslaufu og fær þar með útrás fyrir listrænan metnað sinn.

Eitt af því versta sem áralöng stjórn fulltrúa bílasala og olúfúlgögin á Reykjavík og nágrennabyggðum hefur haft í för með sér er hinn nánast algjör skortur á almennings-samgöngum sem hér ríkir – sú gjörtæka fyrirlitning á slíkum ferðamáta sem ráðið hefur för um árabíl þar sem litíð er á það að ferðast með strætó sem jafngildi þess að fara á fátækrahæli.

Og meðal annarra orða: Hvenær fáum við lestirnar?

„Sú aðgerð að gefa stefnuljós er veikleika-merki. Þar með vita hinir keppendurnir um áform þín og standa betur að vígi en ella.“

## „Helvíti – það eru hinir“

Íslenskir ökumenn eru ekki glaðlegt fólk á vondum degi – og oft eru vondir dagar: það er rigning, skyggni ekkert og það er verið að rífast um lánavísitöluútreikninga í útvarpinu; miðstöðin á fullu til að ná móðunni af rúðunni og þrátt fyrir lakkandi bensínverð á alþjóðamörkuðum hefur samráðsnefnd olúfúlaganna tilkynnt að staða innkaupajöfnunarreiknings sé slík að verðið á bensíni þurfi að hækka um þrettán krónur frá og með gærdeginum. Svona dagar, og stundum er stemningin drungaleg á stóru umferðargötunum.

Það hvarflar stundum að manni að íslenskir bílstjórnar

auka hraðann geri einhver sig líklegan til að skipta um akrein og halda honum þannig á þeirri akrein sem hann vill ekki vera á. Allt virðist snúast um að sigra. Þetta er keppni. Og í hverju skyldi vera keppt? Það veit enginn. Og verðlaunin? Engin nema ánægjan af því að hafa náð að gera öðrum lífið svolítið leitt.

Umfram allt: Sú aðgerð að gefa stefnuljós er veikleika-merki. Þar með vita hinir keppendurnir um áform þín og standa betur að vígi en ella. Látirðu ógert að gefa stefnuljós en beygir svo bara allt í einu hefur þér þó að minnsta kosti tekist að tefja þann sem beið átekta og þar með hefurðu náð

## AF NETINU

### Greið leið Sigmundar

Miðað við stöðu skoðanakannana um þessar mundir eru vaxandi líkur á að Framsóknarflokkurinn verði í lykilstöðu, þegar kemur að myndun ríkisstjórnar næsta vor. Það þarf eitthvað nýtt að gerast hjá nýju framboðunum til þess að þau nái sér verulega á strik og heldur ólíklegt að það eigi eftir að gerast.

Fái Sjálfstæðisflokkurinn viðunandi kosningu þarf hann engu að síður á samstarfsaðila að halda til þess að tryggja sér aðild að nýrri ríkisstjórn. Framsóknarflokkurinn er að óbreyttu eini aðilinn, sem þar getur komið til greina. [...]

En svo er hitt að í slíku samstarfi mundi Sigmundur Davíð eiga greiða leið í forsætisráðuneytið.

[evropuvaktin.is](http://evropuvaktin.is)

Styrmir Gunnarsson

### Ekki eftir næstu kosningar

Framsóknarflokkurinn gerði áhugaverða tilraun fyrir rúnum þremur árum þegar hann kaus sér formann sem hafði aldrei komið nálægt stjórnarmálum fyrr. Það var virðingart. Flokkurinn svaraði með því harðri (og stundum afar óvæginn) gagnrýni sem hann hafði mátt þola í nokkur ár.

Reynslan af þessari tilraun er hins vegar sú, að stökkið var of stórt. Framsóknarflokkurinn hefur gildið þess í stjórnarandstöðu að vera með nýliða sem formann. Hann hefur líka misst fólk fyrir borð og þingflokkurinn er enn þverklöfinn í stórum málum.

Það getur vel gerst að Sigmundur Davíð verði ráðherra í næstu ríkisstjórn. Það er heldur ekki útilokað að hann verði einhvern tíma forsætisráðherra. En það verður ekki eftir næstu kosningar.

[blog.pressan.is/andresjons](http://blog.pressan.is/andresjons)

Andrés Jónsson

## FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI NEUTRAL.IS



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi  
mælir með vörum frá Neutral

Neutral®





# Einelti og ábyrgð skólástjórnenda

## Samfélagsmál

**Svanhildur María Ólafsdóttir**

formaður  
Skólástjórnafélags  
Íslands



mörgum grunnskólum á Íslandi frá því 2002. Árangurinn hefur verið nokkuð sveiflukenndur enda erfitt að mæla hann og aðferðir til þess mismunandi. Sumir skólar hafa náð ágætum árangri en aðrir standa í stað.

En áætlanir ná skammt ef þeim er ekki fylgt eftir og því hlutverki sinna skólástjórnendur, kennarar og starfsfólk af metnaði. Áætlanirnar fela yfirleitt í sér einhvers konar tæki og töl til að koma í veg fyrir og taka á einelti og þarf því að byggja slíkt inn í daglegan skóladag og þá vinnu sem fram fer í skólunum. Það þýðir oft breytta starfshætti, útteilingu á ýmsum verkþáttum og hvað annað sem hægt er að gera til að dreifa ábyrgð.

Að byggja upp skólabrag án eineltis gerist ekki á stuttum tíma. Því þarf að styrkja góðu þættina í skólastarfinu og byrja að vefa inn nýja þætti til að vinna á eineltinu. Athuganir í atvinnulífinu sem snúa að fyrirtækjabrag sýna að það getur tekið

Fordæmið hefur mikið að segja til að byggja upp traustan grunn og mikilvægust er vitund og virk þátttaka nemenda og starfsmanna.

áhrif það getur haft á líf einstaklinga eins og því miður dæmin bera með sér. Segja má að menn séu sammála um að einelti feli í sér athöfn eða hegðun sem særir á einhvern hátt þann sem fyrir henni verður. Þá felur einelti í sér endurtekningu og oftast stendur þolandinn höllum fæti gagnvart gerandannum sem er yfirleitt ekki einn að verki heldur eru þeir fleiri saman. Þó svo að flestir hafi einhverja hugmynd um það hvað einelti er, þá getur upplifun nemenda verið mismunandi og löggjafinn hefur ekki sett fram skilgreiningu á einelti í lögum um grunnskóla og ábyrgð skólástjóra. Margt er þó að finna í grunnskólalögum og nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur, sem snýr að andlegri og félagslegri líðan barna og hefur forvarnargildi gegn einelti. Almenn eru skólástjórar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla að vinna eftir þessum þáttum.

Fyrst ber að nefna stefnumótandi forvarnaráætlanir sem settar eru fram í hverjum skóla þar sem fram kemur hvernig ætlunin er að koma í veg fyrir einelti og ekki síst hvernig bregðast á við slíkum tilvikum. Margs konar áætlanir hafa verið í gangi en sú algengasta er norsk að uppruna, kennd við Olweus og hefur verið unnið eftir þeirri aðferðafræði í

allt að 15 árum að festa breytingar í sessi og það sama á við í skólunum. Að skólástjórnandi vinni af heilindum eftir eineltisáætlunum styrkir mjög skólabraginn því þá sjá bæði starfsmenn og nemendur að verið er að vinna af alvöru. Fordæmið hefur mikið að segja til að byggja upp traustan grunn og mikilvægust er vitund og virk þátttaka nemenda og starfsmanna.

Eitt af því sem skólástjórnendur vinna að er að gera eineltismál sýnilegri í samfélaginu bæði með því að ræða þessi mál innan veggja skólans en einnig við foreldra og aðra aðila sem að uppeldi barna koma. Má til dæmis nefna að skólástjórnendur hafa reynt að koma á samvinnu við ýmsa aðila eins og íþróttafélög til þess að allir gangi í takt og tekið sé á hlutunum á sama hátt og í samvinnu aðila. Lykilorðið er hér samvinnan um að gera það sem er best fyrir börnin.

Því blæs Skólástjórnafélag Íslands til ráðstefnu undir yfirskriftinni Unnið gegn einelti – ábyrgð og skyldur, 25. september kl. 13-16 á Grand hótél þar sem ábyrgð og aðgerðir skólástjóra gegn einelti verða til umræðu. Tilgangurinn er að efla málefnalega umfjöllun og styrkja samvinnu allra aðila sem að uppeldi barna koma til að berjast við vágstinn einelti.

# Hagsmunir ferðapjónustu

## Ferðapjónusta

**Dr. Edward H. Huijbens**

forstöðumaður  
Rannsóknamiðstöðvar  
ferðamála



Engum dylst að framkomnar hugmyndir um að færa gistiþjónustu undir almenna virðisaukaskattþrepið er umtalsverð aukin skattheimta á eina tegund ferðapjónustu. Margir spyrja hvort greinin standi undir því. Umræða um þetta mál hefur að einhverju leyti fallið í skotgrafir. Samtök ferðapjónustunnar (SAF) fengu KPMG til að komast að niðurstöðu sem svo stangast að flestu leyti á við niðurstöður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem fjármálaráðuneytið fékk að borðinu. Hinir fyrrnefndu segja að ferðapjónustan beri þetta ekki, hinir síðarnefndu að það geri hún vist.

KPMG valdi sér tiltölulega þröngt sjónarhorn til að skoða málið og byggði á ársreikningum 35 fyrirtækja í gistiþjónustu frá 2011, sem saman þekja 80% markaðarins. Með því að gefa sér að fyrirtækin sjálf tækju á sig allan kostnað vegna skattheimtunnar þá ályktar KPMG að það muni ríða þeim flestum (allavega á höfuðborgarsvæðinu) að fullu. Sama gildir ef þau taka hluta hækkunar á sig. Um þessar staðhæfingar verður ekki efast enda fjárbinding mikil að hluta vegna væntinga um vöxt greinarinnar. Vandinn er hins vegar sú forsenda sem KPMG gefur sér ef allri hækkun er velt út í verðlagið. KPMG gefur sér að innan ramma skilgreindrar verðteygni gistingar muni gestum fækka nákvæmlega sem henni nemur. Með öðrum orðum myndi hækkað verð á gistingu ráða úrslitum um Íslandsferð þess hóps sem lætur verðbreytinguna hafa áhrif á sig, frekar en að hún hefði áhrif á val á gististad eða gistinguöguleikum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands notar mjög áþekka verðteygnistuðla, en horfir til þess að gisting er rúmur tíundi hluti af útgjöldum gesta til landsins. Þannig leyfir Hagfræðistofnun sér að gera ráð fyrir minni samdrætti í komu gesta, sem nemur því hlutfalli. Að auki vísar hún máli sínu til stuðnings á, að þrátt fyrir hækkun á verði undanfarinna ára og ekki síst fyrir hrún,

þá hafi gestum fjölgað jafnt og þétt, sem og gistingu. Gildir það einnig um síðustu ár eftir hrún. Þannig kemst Hagfræðistofnun að þeirri niðurstöðu að greinin beri hækkun, þar sem gistiþjónustun er ekki úrslitabáttur í vali á Íslandsferð og gestum muni fjölga engu að síður. Sjónarhorn Hagfræðistofnunar er vítt, þjóðhagslegt og byggir á fyrirliggjandi opinberum tölum. Erfitt er að draga ályktanirnar í efa án þess að telja tölurnar sem að byggir er á ómarktækur (t.d. um fjölda gesta, gistingu og meðalverð gistingar). Ef svo er eru það mjög alvarlega fréttir fyrir ferðapjónustu í landinu, þar sem ekki verður mikið um markvissa stefnumótun ef ekki er að marka hagtölur.



Viðbrögð ferðapjónustunnar gefa til kynna að þeir telji hagsmunum sínum ógnað með þessu. Á því eru nokkrar skýringar.

Í ljósi niðurstöðu KPMG og Hagfræðistofnunar mætti ætla að hægt væri að hækka verðið á gistingu sem nemur hækkun virðisaukaskatts og gestirnir greiða þetta og ríkissjóður fær meiri arð af þeirri auðlind sem náttúrurþyrstir gestir okkar eru. Viðbrögð ferðapjónustunnar gefa til kynna að þeir telji hagsmunum sínum ógnað með þessu. Á því eru nokkrar skýringar:

■ Almenn óþol gegn skattahækkunum. SAF fylkir liði með Samtökum atvinnulífsins í almennum mótmælum við skattahækkunir, sem aftur endurspeglar tiltekin pólitísk sjónarmið.

■ Væntingar um vöxt. Á meðan fjölgun rúma hefur undanfarin ár haldist nokkuð í takt við fjölgun gesta og gistingu, eru áform um uppbyggingu nú gríðarmikil og langt umfram það sem ætla mætti að skilaði sér gegnum fjölgun gesta. Hins vegar er árstíðarvandi greinarinnar óbreyttur og fjárfesting í gistingu getur helst vænst að taka til sín hluta af þeim kúf sem er á sumrin en varla meir. Á öðrum tímum hyggjast menn mögulega keppa í verði og telja þá samkeppnisstöðu sinni

ógnáð, sérstaklega ef rekstur þarf að standa undir afborgunum mikilla lána vegna fjárfestinga sem stöfuðu af of miklum væntingum.

■ Þessu tengt má spyrja hvort greininni sé hollt að vaxa og byggja rekstrarforsendur áfram á skattþrepi sem hugsað er sem undanþágubrep. Jafnræði milli greina hefur jafnan gefist best í hagfræðinni, enda skattheimta inngríp í virkni markaða.

■ Vegna fyrstu tveggja þáttanna er einnig bent á að gistiþjónusta muni færast yfir í svarta atvinnustarfsemi. Í umhverfi þar sem markviss er alið á því að allir skattar séu vöndir má vænta þess að einstökum þjónustuveitendum finnist þetta

prýðisátýlla til að vinda sér neðanjarðar. Það vill SAF eðlilega ekki sjá.

Gestum til landsins fjölga sem aldrei fyrr og í tillögum ríkisstjórnar endurspeglast það sem heyrna má nú æ oftar og háværar, það er hvað ferðapjónustan er að leggja til samfélags okkar. Ef ríkið vill ná arði af greininni með hækkun gjalda þá er þetta án efa fær leið ef allri hækkuninni er velt út í verðlagið og ólíklegt er að það hafi teljandi áhrif á eftirspurn. Hins vegar í ljósi þeirra væntinga og fjárfestinga sem þegar hefur verið farið í þá verður að gefa aðlögunartíma, þar sem t.d. þegar er hafin sala á ferðum næsta árs og einhverjir hafa farið offari í fjárfestingu, mögulega á röngum forsendum. Það sem ég kalla hins vegar eftir samhliða er stefna hins opinbera í málefnum ferðapjónustu. Með öðrum orðum; hvernig þessar tekjur eiga að efla og bæta umhverfi greinarinnar hér á landi, móttökuskilyrði á áfangastöðum innanlands og tækifæri í vörubróun sem tekur á hinum mikla árstíðarvanda greinarinnar. Að mínu mati liggja þar hinir raunverulegu hagsmunir greinarinnar til langrar framtíðar.

# Kæra Reykjavíkurborg

## Kjaramál

**Eydis Hörn Hermannsdóttir**  
kennari



starfi. „They breed amongst themselves“ var sagt einhvers staðar og spáðu bara í það; þetta fólk mun sennilega eignast börn sem eru tilbúin til þess að vinna mikið fyrir lítið.

Það var hins vegar ekki erindið kæra Reykjavík heldur að mér er vandi á höndum. Þannig er að þessi peningaupphæð sem þú borgar mér um hver mánaðamót og sumir kalla laun en ég kys að kalla kaldhæðni lækkar umtalsvert þegar skóla lýkur á sumrin vegna þess að þá dettur fasta yfirvinnan út. Sumum þykir þetta eflaust eðlilegt, af hverju ætti að borga vinnu sem ekki er sinnt? En starfsmenn hjá öðrum fyrirtækjum sinna varla fastri yfirvinnu í sínu sumarfrí.

Nú er sumrinu samt lokið og ég mæti berjablá til vinnu með ótal nýjar hugmyndir í töskunni. Þann 1. ágúst hófst nýtt skólaár og vegna starfsreynslu og stöðu hef ég vaxið um tvo launaflokka. Ég ætla ekkert að vera að telja fram hvað tveir launaflokkar þýða á kennaramáli því ég hef fyrir sið að vera kurteis svona opinberlega en mig munar samt um þennan pening.

Ög nú vík ég loks að máli dagsins. Launadeildin þín treystir sér ekki til að borga mér full laun fyrir

en 1. október. Nú skaltu ekki miskilja mig, ég fæ greiddar krónurnar sem vantaði upp á fyrir ágúst og september, ég fæ þær bara ekki strax. Þetta hljómar kannski ekki eins og neitt stórslys en þetta er veruleikinn á hverju einasta hausti hjá að minnsta kosti þeim þúsund kennumur sem starfa hjá þér. Einhver sagði að vandinn væri einmitt falinn í fjöldanum, launadeildin kæmist bara ekki yfir að afgreiða þetta fyrr en mér er nokkuð sama hver ástæðan er. Ég réði mig í vinnu og vil fá rétt laun.

Að þessu sögðu getur þú kannski skilið að mér var brugðið þegar ég sá að vextir hafa bæst við reikninginn frá orkuveitunni þinni af því að ég lét hann bíða. Sama dag rann rúkkun um leikskólagjöld inn um lúguna. Ég róaði mig samt niður og minnti mig á að þú gast ekki endilega munað að ég væri starfsmaður hjá þér og þú hefðir ekki borgað mér rétt laun síðustu tvo útborgunardaga. Þar sem ég er sáemilega upplýst veit ég líka að orkuveitan, leikskólinn og launadeildin eru sjálfstæð fyrirtæki og tengjast ekki á nokkurn hátt nema að tilheyrja sama sveitarfélagi. Því hef ég ákveðið að taka mig á, verða sjálfstæðari og spila með. Mig langar bara að vita hvert ég sendi vaxtareikninginn.

BLÁTT ÁFRAM!



\*Upplýsingar á www.blattafram.is (bækiþingnum: 7 skref til vendarbörnum).

ÞÚ TREYSTIR HONUM

EN GÆTI VERIÐ AÐ BARNIÐ ÞITT ÞEKKI HANN BETUR EN ÞÚ?

93% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þekka gerandann\*

Almenningsvitund er sterkasta vopnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum  
Upplýstir foreldrar vernda börn

www.blattafram.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## PÚÐAR LÍFGA UPP Á UMHVERFIÐ

Oft kemur þörf á breytingum heima við á haustin. Hægt er að lifga upp á umhverfið með nýjum púðum og fallegum ábreiðum. Víða er hægt að kaupa fallega púða og sömu-leiðis er auðvelt að panta þá á netinu. Púðar eru mikið í tísku um þessar mundir.



**GEZE**

### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

**JARN&GLER**

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)



## ÖLL MEÐ TÖLU

**SAFNAÐ FYRIR HÚSI** Kvænnaathvarfið hefur í dag söfnunaráttak fyrir nýju húsnæði undir nafninu Öll með tölu en þörfin er mikil.

**H**úsnæði kvænnaathvarfsins er orðið of lítið enda hefur ásókn í það aukist jafnt og þétt. Flutningur í stærra húsnæði er því óumflýjanlegur. „Í sumar voru hjá okkur um 20 konur og börn á tímabili í fjórum herbergjum,“ segir Sigbrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra.

Átta konur starfa hjá Kvænnaathvarfinu, þar af fimm á vöktum allan sólahringinn allan ársins hring. „Oft er mikill erill í húsinu og þá er fullt af konum og börnum og ófyrirsjáanleiki starfsins nokkur. Álag á starfsfólk er því mikið. Á móti kemur ánægjan sem fylgir því að sjá konur yfirgefa skaðlegar aðstæður og hefja nýtt og betra líf.“

Öll með tölu er áttak sem er endurvakið frá 1992 þar sem seldar voru tölur. Talan fæst í mörgum litum og á henni er merki kvænnaathvarfsins. „Hún fæst í verslunum Krónunnar, Nóatúns, Samkaupa, Te og kaffis, á Póstinum, í Bóksölu stúdenta, Nettó, Kjarvali og víðar. Hún er líka seld á netinu og send hvert á land sem er.“

Þörfin fyrir kvænnaathvarf er raunveruleg, en um leið sorgleg. „Óskandi væri að þörfin væri engin, en svo er ekki. Við leitum því til fólksins í landinu sem hefur reynst okkur vel í gegnum tíðina um að styrkja okkur og styrkja þar með innviði samfélagsins.“ Nánari upplýsingar á [www.ollmedtolu.is](http://www.ollmedtolu.is).



### TÖLUR TIL SÖLU

Tölur til styrktar Kvænnaathvarfinu eru í mörgum litum. Þær verða til sölu í fjölda verslana og á vefslóðinni: [www.ollmedtolu.is](http://www.ollmedtolu.is). Verð: 1000 krónur

## JEPPARAFAFGEYMAR



### Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

## Gerð gæða- og verðsamanburð

**NÝTT**

**BOAS RAFDRIFNIR**  
Leður hægindasófar og stólar

Ný sending af hágæða sængurverasettum

12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*

**Svefn & heilsa**



[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



**TEIKNA OG SKRIFA**


MÖRG LEIKSKÓLABÖRN HAFNA GAM-  
AN AF ÞVÍ AÐ LÆRA STAFI. HÆGT ER  
HVETJA BÖRNIN MEÐ ÞVÍ AÐ LÁNA ÞEIM  
LITLA TÖFLU OG KRÍT OG KENNA ÞEIM  
STAFINA. BÖRNIN SKEMMTA SÉR VIÐ AÐ  
SKRIFA OG ÞURRKA AFTUR ÚT. SÖMU  
TÆKNI ER HÆGT AÐ NOTA Í TÖLVU EN  
TAFLAN ER KANNSKI ÞÆGILEGRI ÞEGAR  
MJÖG UNG BÖRN EIGA Í HLUT. ÞAU GETA  
ÞÁ LÍKA TEIKNAÐ DÝR, HÚS EÐA ANN-  
AÐ ÞAÐ SEM HUGURINN LEYFIR.

**ÁRSREIKNINGAR  
& SKATTAFRAMTALSGERÐ**

Apollon ehf | Sími 571 9555 | GSM 698 6282

**Gólfhitakerfi**

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveifur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

**NÝTT OG ENN BETRA**

**PRÓGASTRÓ**

Góð melting er undirstaða að góðu dagsformi



**PRÓGASTRÓ DDS<sup>+</sup> PLÚS 3**

-inniheldur m.a. hinn öfluga DDS1 asídófilus sem er bæði gall- og sýrupólin.

**PRÓGASTRÓ DDS<sup>+</sup> PLÚS 3**

-er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna, bætir og byggir meltingarfórana og hefur reynt vel þeim sem þjást m.a. af meltingarkrampa, uppþembu, kandíta, lausri og tregri meltingu.

PRÓGASTRÓ kemur í 100 hylkja glerglössum með íslenskum leiðbeiningum



- Þessi vara er laus við:
- Mjólk
  - Glúten
  - Sýkur
  - Soja
  - Rotvarnarefni

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

www.gengurvel.is



**SELURINN ÁBERANDI**

**HÖNNUN** Selur Víkur Þrjónsdóttur var valinn til að kynna hluta sýningarinnar *Everyday Discoveries* á Hönnunarvikunni í Finnlandi.

Vík Þrjónsdóttir er einn fjölmargra íslenskra hönnuða sem taka þátt í Hönnunarvikunni í Finnlandi sem var sett síðastliðinn fimmtudag. Hönnun Víkur Þrjónsdóttur var valin af skipuleggjendum sýningarinnar til að vera í hinum þekktu útstillingarglugga Stockmannstórverslunarinnar í miðborg Helsinki. „Við tókum þátt í sýningu sem kallast *Everyday Discoveries* sem er einn helsti viðburður *World Design Capital Helsinki 2012* en þar verður hönnun sem tengist daglegu lífi fólks kynnt. Vík Þrjónsdóttir sýnir þar Selinn og Kópinn en það eru teppi fyrir börn og fullorðna sem er hægt að klæða sig í,“ segir Ólafur Páll Torfason, framkvæmdastjóri Víkur Þrjónsdóttur.

Selurinn var hannaður fyrir nokkrum árum og hefur vakið athygli þar sem hann hefur verið sýndur. „Selurinn og Kópinn hafa náð ákveðinni stöðu. Við skilgreinum okkur ekki sem tiskufyrirtæki heldur bjóðum við upp á vöru sem hefur ákveðið notagildi sem fellur ekki úr tísku. Fólk hefur sýnt okkur mikinn áhuga og varan hefur selst ágætlega. Margir sjá þó ekki

notagildið fyrr en þeir hafa prófað Selinn. Það er ótrúlega gott að vera í honum þegar fólk er heima á kvöldin í tölvunni eða að horfa á sjónvarpið. Í Selnum nær maður ákveðinni jarðtengingu og einbeitingu.“

Vík Þrjónsdóttir hyggur á landvinninga í Finnlandi og tekur þátt í annarri sýningu þar í október sem heitir *Smart Process/Smart design*. „Þetta er liður í því að athuga hverjir okkar möguleikar eru í Finnlandi. Við teljum að Finnar séu líkir okkur Íslendingum að mörgu leyti og að íslensk hönnun höfði til þeirra. Salan í netverslun okkar sem kemur frá Finnlandi hefur til dæmis aukist eftir að við fórum að sýna þar,“ segir Ólafur.

Helsinki ber í ár titilinn *World Design Capital* og hefur íslensk hönnun verið áberandi í Finnlandi á árinu. Vík Þrjónsdóttir er ekki eini íslenski hönnuðurinn sem tekur þátt í Hönnunarvikunni í Finnlandi. Á meðal íslenskra þátttakenda eru Vík Þrjónsdóttir, Studio Subba, Hrafnkell Birgisson, Dögg Guðmundsdóttir, Hafsteinn Júlíusson, Volki, Áslaug Jónsdóttir og Össur.

■ lilja.bjork@365.is

**SELUR** Selur, hönnun Víkur Þrjónsdóttur, er þægilegt ullarteppi sem hægt er að klæða sig í. MYND/GULLI MAR



**TIL SÝNIS** Selur Víkur Þrjónsdóttur í útstillingarglugga stórverslunarinnar Stockmann í Helsinki.

**HEIMA VIÐ | FRIDRIKA GEIRSDÓTTIR**

**KOM SKIPULAGI Á SKÁPANA**

■ Friðrika Geirsdóttir verður dómari í íslensku útgáfu af *Masterchef*-þáttunum sem hefja göngu sína á Stöð 2 í lok þessa árs. *Masterchef*-þættir hafa verið afar vinsælir um allan heim. Til gamans fengum við Rikku til að svara nokkrum spurningum heima við.

**Stendur þú í einhverjum framkvæmdum þessa dagana á heimilinu eða hefur nýlöknið við?** Nei, ekki eins og er. En ég er reyndar búin að vera að taka til í fataskápunum hjá mér og koma nýju skipulagi á þar. Þar er alveg heilmikið sem mætti hverfa, einnig væri kærkomið að fá eitthvað nýtt inn. Ég hef reynt að halda þá reglu að þegar ég kaup eitt-hvað nýtt í fataskápinn þá fer eitthvað gamalt út. Eins og gefur augaleið þá gengur það ekki alltaf upp. 2012 snýst um skipulag á heimilinu mínu að þessu sinni, sjáum til hvort að það gangi eftir. **Eitthvað slíkt á dagskránni?** Fyrir utan það að skipuleggja alla skápa þá langar mig óskaplega til að fríska upp á nokkra vegg. En auðvitað klæjar mann alltaf í fingurna og langar að snúa öllu við en

það verður að biða betri tíma. **Ertu dugleg að breyta og bæta heima við?** Ég er reyndar nokkuð sátt núna en ég reyni að létta aðeins á fyrir sumarið og svo aftur á móti fyrir veturinn þá kem ég fleiri kertastjökum fyrir svona hér og þar.

**Er einhver hlutur sem þig langar sérstaklega mikið í þessa dagana? Langar mann ekki alltaf í eitthvað? Ég sá til að mynda alveg óskaplega mikið af fallegum hlutum í Hugmyndum og heimili og væri til í að fá að rasa þar út. **Hver er uppáhaldshluturinn þinn í eldhúsinu?** Hnifasafnið mitt auk þess sem Kitchen Aid-vélin kemur alltaf að góðum notum.**

**Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á heimilinu?** Ég sit mikið við eldhúsbordið þegar ég er að vinna og þar fæ ég margar góðar hugmyndir auk þess er það staðurinn þar sem fjölskyldan kemur saman á kvöldin.



**FRIDRIKA GEIRSDÓTTIR** Listakokkur og dómari.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir



# HLJÓÐFÆRI

MÁNUDAGUR 10. SEPTEMBER 2012

Kynningarblað Hátalarar, gítarstillir, sjaldgæf hljóðfæri og gítarar í þúsunda tali



Í Tónastöðinni fást yfir tólf þúsund titlar af nótnabókum og hágæðahljóðfæri af öllum gerðum og fyrir allar tegundir tónlistar. Starfsfólk Tónastöðvarinnar aðstoðar byrjendur jafnt sem lengra komna við val á hljóðfærum og veitir alla aðra þjónustu sem viðkemur viðhaldi og viðgerðum á hljóðfærum. Tónastöðin opnaði einnig sérverslun á Akureyri árið 2009 til að mæta þörfum Norðlendinga fyrir nótnabækur og hljóðfæri. MYNDR/VALLI

## Á gólfinu í aldarfjórðung

Þegar tónlistarkennarinn Andrés Helgason og kona hans Hrönn Harðardóttir áttu von á barni árið 1987 ákváðu þau að slá til og flytja inn nótnabækur til búbótar í launalausum barnsburðarleyfi. Síðan eru liðin 25 ár og enn vex og dafnar húsmæðrahobbí hjónanna í Tónastöðinni sem stendur í fremstu röð hljóðfæraverslana. Þar hafa hljómsveitir fæðst innan um hefðbundin og óvenjuleg hljóðfæri.

Tónastöðin byrjaði sem húsmæðrahobbí þegar við hjónin eignuðumst barn 1987. Þá veltum við vöngum yfir sniðugum lausnum svo Hrönn gæti verið sem lengst heima með litla barninu og úr varð, alveg óvart, Tónastöðin,“ segir Andrés Helgason, eigandi Tónastöðvarinnar.

Þau hjón voru nýflutt heim eftir þriggja ára dvöl í Færeyjum þar sem Andrés var skólastjóri tónlistarskóla.

„Skólinn var suðupottur með tónlistarkennurum frá öllum heimshornum og þar kynntist ég ótal spennandi nótnabókum. Við ákváðum því að hefja innflutning á nótnabókum sem fengu strax góðar viðtökur. Brátt var eldhúsið ekki nógu stórt fyrir starfseminu og tóku bækurnar fljótt yfir alla íbúðina,“ segir Andrés og hlær.

Hann segir þau Hrönn ekki hafa stefnt á beinhardan verslun

unarrektstur en úr því viðskiptin undu svona upp á sig í eldhúsinu heima hafi þau orðið að setja á fót búð.

„Tónastöðin var opnuð á Óðinstorgi 1991. Í þá daga var lítil sem engin þjónusta við tónlistarskólana og þá vantaði sérlega nótnabækur. Fljótlega skoruðu þeir á okkur að bæta blásturshljóðfærum við vöruúrvalið og jafnt og þétt bættust við fleiri hljóðfæri í Tónastöðina,“ útskýrir Andrés.

### Bjöllur og banjólele

Tónastöðin flutti í Skipholt 50d árið 1995 og þar hefur verslunin smám saman tekið undir sig jarðhæðina.

„Í dag seljum við allar tegundir hljóðfæra og ég geri töluvert af því að flytja inn óvenjuleg hljóðfæri eins og bjöllur, tenórgítara, gítarmandólín og banjólele sem er sérstök útgáfa af ukulele,“ segir

Andrés sem hefur ástríðu fyrir að uppgötva ný hljóðfæri.

„Í mínum huga er hlutverk hljóðfærabúða að kynna viðskiptavinum ný hljóðfæri. Það viðheldur forvitninni, kemur mörgum skemmtilega á óvart og kveikir nýjar hugmyndir meðal tónlistarmanna.“

### Allir jafnir í Tónastöðinni

Andrés er tónlistarkennari og lærði á trompet í blásaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Á námsárunum var hann bassaleikari í ýmsum kunnum hljómsveitum en hætti í hljómsveitabransanum til að snúa sér að kennslu.

„Á búðargólfinu í Tónastöðinni hafa orðið til margar hljómsveitir enda búðin eins konar félagsmiðstöð tónlistarmanna. Margir koma „baksviðs“ og fá sér kaffi og iðulega óma tónar skemmtilegs samspils um búðina þegar tón-

listarfólk mælir sér mót í Tónastöðinni,“ segir Andrés.

Frá Tónastöðinni hefur stundum spurst út að heimsþekktir listamenn hafi gripið í hljóðfærin. „Hingað koma jafnt frægir, ófrægir og heimsfrægir og við leggjum okkur fram við að koma eins fram við alla. Ég nýt þess hins vegar að upplifa ótrúlega tónelsku Íslendinga og sjá hversu framúrskarandi tónlistarmenn við eigum; jafnvel þótt þeir séu ekki í framlínu tónlistarsenunnar.“

### Töfrastaður ólíkra hópa

Andrés skrifar velgengi Tónastöðvarinnar ekki síst á starfsfólk sitt sem unnið hefur hjá honum lengi og býr yfir mikilli reynslu.

„Ég er lukkunnar þamfill að eiga hljóðfærabúð og vakna glæður til vinnu á hverjum morgni. Andrúmsloftið er ætíð skapandi og við störfum næstum því

í heilsugeiranum. Ég held nefnilega að það sé fátt heilsusamlegra en að spila á hljóðfæri og öruggt að það er hollt fyrir bæði líkama og sál,“ segir Andrés brosmildur.

Hann segir Tónastöðina fyrst og fremst þjónustufyrirtæki.

„Sala hljóðfæra er aðeins brot af starfsemi Tónastöðvarinnar því þjónustan eftir á skiptir ekki síður máli. Við mætum ólíkum þörfum hljóðfæraeigenda og höfum aðgang að úrvals fagfólki í hljóðfærastillingum- og viðgerðum,“ upplýsir Andrés sem ásamt starfsfólki sínu skiptir einnig um strengi, stillir gítara og fleira fyrir viðskiptavinum Tónastöðvarinnar.

„Hér finna allar tónlistarstefnur það sem þær vantar, hvort sem það er rokk, djass, klassik eða allt þar á milli. Það er einmitt gaman að sjá þessa ólíku hópa versla í sömu búðinni. Þá verða til töfrar og fólk uppgötvar að móhíkanatoppur gerir manneskjuna ekkert verri.“



# Keith Richards á gítara í þúsundtali

Von er á enn einni safnplötunni með tónlist The Rolling Stones. Sú heitir GRRR! og kemur út 12. nóvember. Á henni verða tvö ný lög, Gloom And Doom og One Last Shot. Vísir menn fullyrða að bæði hafi lögin verið hljóðrituð í París í síðasta mánuði.

Mörgum er minnisstætt atriðið í tónlistarkvikmyndinni Shine A Light eftir Martin Scorsese þegar Keith Richards rífur af sér svarta Guild GSR Starfire IV-gítarinn sinn í lok lagsins Champagne And Reefers, réttir hann Buddy Guy og segir að hann megi eiga hann. Buddy rekur í rogastans, enda gítarinn einkar glæsilegur og verðmætur eftir því. Um eiginlegt verðmæti er erfitt að fullyrða, þar sem gítarar af nákvæmlega þessari gerð eru ekki framleiddir lengur.

Þótt gjöfin hafi verið vegleg munaði hljómsveitarstjórnann í The Rolling Stones lítið um hana. Fyrir það fyrsta er hann vellauðugur eftir hálföld í aðalliðinu í efstu deild roksins. Svo sá heldur ekki högg á vatni í gítarsafninu, því að Keith Richards á að eigin sögn um það bil þrjú þúsund gítara. Fyrir nokkrum árum var haft eftir honum í blaðaviðtali að til greina kæmi að opna safn með helstu gripunum. Hann kvaðst ekkert hafa við alla þessa gítara að gera. Hann hefði aðeins tvær hendur og hann gæti hreinlega ekki notað þá alla. Einnig kvaðst Keith hafa íhugað þann möguleika að gefa gítarana. Hann hefði hvort sem er þegið þá flesta að gjöf.

## Sextíu ára gítar

Keith Richards segist almennt



Keith Richards notar um það bil tíu gítara á hljómleikaferðum.

MYND/APP

nota um það bil tíu gítara þegar The Rolling Stones eru á hljómleikaferð. Flestir eru þeir fram-

leiddir hjá Fender- og Gibson-verksmiðjunum. Fender-gítarnir eru sumir komnir vel til ára



Þessi gítar er sextíu ára gamall.

sinna, til dæmis einn Telecaster, sem verður 60 ára á næsta ári. Gítarnum gaf Keith viðurnefnið

Micawber eftir persónu í skáldsögunni David Copperfield eftir Charles Dickens. Í hljóðfærinu eru einungis fimm strengir og það notar gítarhetjan einkum til að leika lögin Brown Sugar og Honky Tonk Woman. Að minnsta kosti tveir aldraðir fimm strengja Telecaster-gítarar eru til vara í hverri hljómleikaferð. Annar var smíðaður 1954 og hinn 1967. Í báðum eru einungis fimm strengir. Sá fjórði dúkkaði reyndar upp árið 2005 eftir að hafa verið í hvíld frá árinu 1986. Sá var smíðaður árið 1975 og var einmitt fyrst notaður í hljómleikaferð Rolling Stones um Norður-Ameríku það ár.

**SÆLAR OG SÆTAR** Smartlandsdrottningin Marta María, Elin Arnar, ritstýra Vikunnar, Kristín Ýr blaðakona á Vikunni og Elísabet Jónsdóttir markaðstjóri voru sælar og sætar.

**Dagskrá haustsins kynnt**

Þegar dagarnir taka að stytast og lafin falla af trjánum hrökkva sjónvarpsstöðvarnar í annan gír. Stöð 2 og Skjár 1 kynntu haustdagskrár sínar með pompi og prakt í lok síðustu viku og óhætt er að segja að báðar stöðvar verða fullar af þrælgóðu efni á næstu mánuðum. Á meðan Skjár einn bauð til veislu í Austurbæ síðastliðið fimmtudagskvöld hélt Stöð 2 álfika party í tónleikahúsinu Hörpu á föstudagskvöldið. Mörg þekkt andlit voru saman komin á báðum viðburðunum til að kynna sér dagskrána og gera sér glaðan dag.

**Haustdagskrá Stöðvar 2 kynnt**



**BEINT FRÁ BÝLI** Bubbi Morthens stýrir nýjum þáttum á Stöð 2 í haust þar sem hann heimsækir nokkra bóndabæi landsins og setur þar upp tónleika með sumu af okkar fremsta tónlistarfólki.



**KUMPÁNLEGIR** Félagarnir Sindre Sindrason og Logi Bergmann voru kumpánlegir og glaðir í bragði í Hörpu. Sindre fer af stað með nýjan þátt, Heimsókn, í vetur og Logi heldur áfram með Spurningabombuna.

**"INSANELY FUNNY" BEST COMEDY OF THE YEAR!**

**HIT & RUN**

STJARNNA MYND SUMARSINS **YFIR 62.000 GESTIR**

Maður verður að sjá þessa mynd aftur, þú getur verið viss um það. Þetta er myndin sem þú myndir vilja sjá aftur.

**THE DARK KNIGHT RISES** STJARNNA MYND WB ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI

**BRÁVE**

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓIN EGIÐSHÖLL	
FROST	KL. 6 - 8 - 10 - 11	2D	16
FROST LUXUS VIP	KL. 6 - 8 - 10	2D	12
BOURNE LEGACY	KL. 5:20 - 8 - 10:45	2D	12
BOURNE LEGACY	KL. 10	2D	12
HIT AND RUN	KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
STEP UP REVOLUTION	KL. 5:50 - 10:20	2D	12
BRÁVE	KL. 5:50	2D	12
BRÁVE	KL. 8	2D	12
DARK KNIGHT RISES	KL. 8	2D	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	
FROST	KL. 8 - 10:10	2D	16
BOURNE LEGACY	KL. 10	2D	12
BABYMAKERS	KL. 8	2D	12
BABYMAKERS	KL. 8	2D	12
SAMBÍÓIN AKUREYRI		TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMbio.is	
FROST	KL. 8 - 10:10	2D	16
HIT AND RUN	KL. 10:10	2D	12
BABYMAKERS	KL. 8	2D	12

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

**THE BOURNE LEGACY**

**ÁVAXTA KARFAN**

**EXPENDABLES 2**

**INTOUCHABLES**

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
THE BOURNE LEGACY	KL. 5 - 8 - 10.45	THE BOURNE LEGACY	KL. 6 - 9
THE BOURNE LEGACY LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10.45	ÁVAXTAKARFAN	KL. 6
ÁVAXTAKARFAN	KL. 4 - 6	THE EXPENDABLES 2	KL. 8 - 10.20
THE EXPENDABLES 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	THE WATCH	KL. 10.20
THE WATCH	KL. 5.40 - 8 - 10.20	TO ROME WITH LOVE	KL. 5.30 - 8
PARANORMAN 2D	KL. 3.30	INTOUCHABLES	KL. 5.30 - 8 - 10.30
TOTAL RECALL	KL. 10.20	BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 3.40	THE BOURNE LEGACY	KL. 5.40 - 8 - 10.20
TED	KL. 8	INTOUCHABLES	KL. 5.50
		THE EXPENDABLES 2	KL. 8 - 10

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



**FLOTT ÞRÍEYKI** Þau Þorsteinn J., Svansý og Ari Edwald voru spennt yfir haustdagskrá Stöðvar 2.



**FEBÐGAR** Mið-Íslands uppistandarrinn Dóri DNA mætti með son sinn, Kára, á arminum.



**SMART** Kalli Berndsen er alltaf smart til fara og var engin undantekning á því í Hörpu. Hann fer af stað með aðra þáttaröð af í nýju ljósi á Stöð 2 í vetur.

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**TILNEFND TIL KVÍK-MYNDAMÍDSTÖÐVARNA** NÓRÐUR-LANDA-RÁÐS

**STJARNNA MYND DANA Á ÞESSU ÁRI**

**KÓNGAGLENNNA (EN KONGELIG AFFÆRE)**

**MÁNUDAGUR: KÓNGAGLENNNA (EN KONGELIG AFFÆRE)** 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 20:00, 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00, 22:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKAJA OG ELDRI BORGARA.**



# Kaldur dagur í helvíti

Kvikmyndir ★★★★★

## Frost

Leikstjóri: Reynir Lyngdal

**Aðalhlutverk:** Anna Gunnís Guðmundsdóttir, Björn Thors, Hilmar Jónsson, Helgi Björnsson, Elma Lisa Gunnarsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Hallur Ingólfsson.

Fátt er verra fyrir spennutrylli en spennufall, en það er eiginlega besta orðið til að lýsa kvikmyndinni Frosti. Kynningarherferð myndarinnar lofaði nokkuð góðu þó hún hafi óneitanlega vakið upp minningar um Blair Witch-fyrir-

bærið sem tröllreið kvikmynda- iðnaðinum fyrir aldamót. Augljóslega átti að búa til eftirvæntingu og það tókst að vissu leyti. Íslenskir spennutryllar eru ekki í bío í hverri viku og hugmyndin er ekki slæm. Ungt par, mastersneminn Agla og kvikmyndagerðarmaðurinn Gunnar sem eru leikin af Önnu Gunnísi Guðmundsdóttur og Birni Thors, vaknar í rannsóknarbúðum uppi á jökli og uppgötva eftir því sem líður á daginn að allir félagar þeirra úr rannsóknarleiðangrinum eru á bak og burt. Dularfullir og ógnvænlegir atburðir fara að gerast og sífellt syrtir í álinn hjá söguhetjunum okkar sem eru ein og yfirgefin í einskismannslandi

þar sem náttúruöflin sýna þeim enga miskunn. Það er erfitt að fara yfir myndina án þess að gefa of mikið upp um söguþráðinn, en hitt má segja að framvindan er óhemju hæg fyrir hlé þar sem þau Agla og Gunnar velta fyrir sér hvert félagar þeirra gætu hafa farið. Spennan og hryllingurinn sem liggja undir, láta biða eftir sér og birtast svo ekki nema rétt í skötu- líki. Loks er niðurlagið endaslappt svo ekki sé dýpra í árina tekið. Það er oftast en ekki til marks um góða kvikmynd og ánægjulega kvöld- stund þegar áhorfendur yfirgefa salinn með höfuðið fullt af spurningum, en í þessu tilfelli spurðu sig flestir hvort myndin væri í alvör-



**EIN STJARNA** Gagnrýnandinn Þorgils gefur íslensku spennumyndinni Frost bara eina stjörnu. MYND/BJARNI GRÍMS

unni búin. Það sem má þó segja myndinni til hróss er að leikstjórnin, Reynir Lyngdal, nær að skapa nokkuð góða umgjörð um þau Óglu og Gunnar. Leikmyndin og útlitið

er sannfærandi, allt hljóð er vel unnið og Reynir kemur ágætlega til skila ákveðnum votti af inni- lokunarkennd og ónotum, án þess þó að það grípi áhorfandann fyllilega. Þau Anna Gunnís og Björn skila sínum hlutverkum vel og er ekki við þau að sakast þótt heild- arútkoman sé nokkuð döpur og skilji ekkert eftir sig. Þó að Frost hafi vissulega eitt og annað til síns ágætis er það einfaldlega ekki nóg þegar sagan heldur ekki og þá ekki myndin sjálf. Niðurstaðan er því vonbrigði. Þorgils Jónsson

**Niðurstaða:** Slappur spennu- vísindatryllir sem nær aldrei að grípa áhorfandann og skilur ekkert eftir sig.

## Leikstýrir í fyrsta sinn

Renée Zellweger ætlar að setjast í leikstjórstólinn í fyrsta sinn og leikstýra

gamanmynd- inni 4½ Min- utes. Leikkonan fer einnig með aðalhlutverk- ið í myndinni á móti Johnny Knoxville.

Zellweger hefur áður verið á bak við tjöldin í Holly- wood, eða þegar hún var einn af framleiðendum Miss Potter sem kom út 2006. 4½ Minutes gerist í New York-borg og er byggð á ævi uppistandarans Dov Davidoff. Zellweger leikur einstæða móður sem kynnist grínistanum Jimmy Bennett sem á í erfiðleikum með að festa ráð sitt.



RENÉE ZELLWEGER

## Boðið dómarsætið

Söngvarinn Enrique Iglesias gæti verið næsti dómari í sjónvarps- þáttunum American Idol. Söng- varinn mun hafa fengið tilboð um að ganga til liðs við hinn vinsæla sjónvarpsþátt og gerast dómari. Aðrir dómara í þættinum munu vera Nicki Minaj, Keith Urban og Mariah Carey.

Árslaun söngvarans yrðu ekki af verri endanum því hann fengi 490 milljón krónur fyrir starf sitt. Það er þó ekki víst að Iglesias taki tilboðinu því hann hefur áður afþakkað tilboð um að gerast dómari X Factor og The Voice.

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar

**Umboðs- menn um land allt**

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

KVIKMYND EFTIR REYNI LYNGDAL

# FROST

FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ

# KOMIN Í BÍÓ

07.09.2012

BJÖRN THORS, ANNA GUNNÍSI GUÐMUNDSDÓTTIR, HILMAR JÓNSSON, HALLUR INGÓLFSSON, VALUR FREYR EINARSSON, HELGI BJÖRNSSON  
FRAMLEIÐSLUSTJÓRN BIRNA PAULINA EINARSDÓTTIR, BÖNNINGAR MARGRÉT EINARSDÓTTIR, HÁR & FÖRÐUN KRISTÍN JÚLÍA KRISTJÁNSDÓTTIR, HLJÓÐUPPTAKA ÁRNI GÚSTAFASSON, ÁRNI BENEDIKTSSON, HLJÓÐHÖNNUN HULDAR FREYR ARNARSON, ARNÞÓR ÖRLYGGSSON  
LEIKMYNDAHÖNNUN HÁLFÐAN PEDERSEN, KLIPPING EVA LIND, HÖSKULDSDÓTTIR EYRÚN HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR, KVIKMYNDAÓNLIST BEN FROST, KVIKMYNDATAKA ÁGÚST JAKOBSSON (IKS), MEÐFRAMLEIÐENDUR MARKUS SELIN, JUKKA HELLE, KARLA STOJAKOVÁ, GÍSLI GÍSLASON, ÞÓR ÓMAR JÓNSSON  
LJÓSMYNDIR RAGNAR AXELSSON, BJARNI GRÍMSSON, FRAMLEIÐENDUR JÚLIUS KEMP, INGVAR ÞÓRÐARSON, HANDRIT JÓN ATLI JÓNASSON, LEIKSTJÓRN REYNI LYNGDAL

ICELANDIC Film Centre  
SOLAR FILMS INC.  
Kvikmyndafélag Íslands ehf.  
SOLAR FILMS INC.  
CINTAMANI  
Ísland  
KISI





**ELÍN METTA JENSEN** fær gullskóinn í Pepsi-deild kvenna í ár en hún skoraði átján mörk fyrir Val í sumar. Sandra María Jessen, Þór/KA, skoraði einnig átján mörk en Elín Metta spilaði færri mínútur í sumar og fær því gullskóinn. Harpa Þorsteinsdóttir, Stjörnunn, skoraði sautján mörk og fær bronsskóinn.

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM

Ísland - Svartfjallaland 101-92 (61-39)  
 Stig Íslands: Jón Arnór Stefánsson 32, Hlynur Bæringsson 22 (9 fráköst), Jakob Örn Sigurðarson 10, Logi Gunnarsson 8, Haukur Helgi Pálsson 5, Helgi Már Magnússon 5, Finnur Magnússon 4, Pavel Ermolinskij 4, Ægir Steinarsson 2.

### Pepsi-deild kvenna

Fylkir - Þór/KA	1-2
Afturelding - Valur	4-4
Selfoss - Stjarnan	1-4
Breiðablik - FH	1-1
ÍBV - KR	8-0

### LOKASTAÐAN

Þór/KA	18	14	3	1	53-16	45
ÍBV	18	12	2	4	58-22	38
Stjarnan	18	12	2	4	53-23	38
Valur	18	9	4	5	48-30	31
Breiðablik	18	8	5	5	41-22	29
FH	18	5	4	9	27-47	19
Afturelding	18	4	4	10	22-42	16
Selfoss	18	4	4	10	30-77	16
Fylkir	18	3	3	12	23-44	12
KR	18	1	5	12	17-49	8



**SIGURVEGARI** Hamilton var sannfærandi á Monza-brautinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Formúla 1 á Ítalíu:

## Hamilton varla ógnað á Monza

**FORMÚLA 1** Lewis Hamilton vann sannfærandi sigur á Monza-brautinni á Ítalíu þar sem síðasti kappakstur tímabilsins í Evrópu fór fram. Hamilton, sem ekur fyrir McLaren, var fremstur á ráspól og leiddi næstum alla keppnina. Forystu hans var varla ógnað alla keppnina.

„Þetta gekk hnökralaust fyrir sig. Ég held að ég hafi ekki lent í neinum vandræðum,“ sagði Hamilton.

Sergio Perez á Sauber varð óvænt annar eftir að hafa verið tólfli á ráspól. Fernando Alonso, Ferrari, ók einnig mjög vel en hann endaði í þriðja sæti eftir hafa byrjað í því tíunda.

Alonso er efstur í stigakeppni ökuþóra með 37 stiga forystu á næsta mann. Hamilton fór upp í fimmta sætið með sigrinum. - esá

# MINN BESTI LANDSLEIKUR

Helgi Valur Daníelsson og Aron Einar Gunnarsson voru ryksugurnar á miðju íslenska liðsins gegn Noregi, eins og landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck komst að orði eftir leik. Helgi vonar að frammistaðan dugi til að halda sæti sínu í liðinu.

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari, setti miklar ábyrgð á herðar þeirra Helga Vals Daníelssonar og Arons Einar Gunnarssonar fyrir leikinn gegn Noregi á föstudag. Það var þeirra hlutverk að stöðva miðjuspil gestanna en þeim fórst það vel úr hendi. Eftir leikinn sagði Lagerbäck að þeir hefðu verið eins og tvær ryksugur á miðju vallarins.

„Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifærið og það er frábært að finna fyrir trausti frá landsliðsþjálfaranum,“ sagði Helgi Valur við Fréttablaðið í gær. Landsliðið var þá komið til Kýpur þar sem það æfði í gærmorgun. Kári Arnason, sem fór meiddur af velli á föstudag, gat ekki æft né heldur Jóhann Berg Guðmundsson sem fékk magakveisu í gærnótt.

### Lagerbäck hefur fylgst vel með

„Það er ekkert annað að gera en að nýta tækifærið þegar maður fær það. Ég hef verið í landsliðshópnum síðan Lagerbäck tók við og þó svo að ég hafi ekki verið alltaf í byrjunarliðinu hefur hann fylgst vel með mér og veit hvernig leikmaður ég er.“

Spurður hvort hann telji leikinn á föstudag sinn besta leik á landsliðsferlinum játti hann því. „Sérstaklega þar sem við unnum 2-0 sigur á sterku liði. Ég hef áður spilað ágætlega með landsliðinu en þá hafa úrslitin ekki fallið okkur í



**HELGI VALUR** Var í „skítverkunum“ á miðju íslenska landsliðsins gegn Noregi á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vil. Mér leið vel á vellinum á föstudaginn og þetta var gott.“

Hann segist ekki hafa fundið fyrir mikilli gagnrýni á frammistöðu sína með landsliðinu í gegnum árin. „Ég hef ekki verið hugsaður sem fyrsti kostur á miðjuna hjá landsliðinu í gegnum árin. Ég veit auðvitað best sjálfur hvað ég get og kannski hafði mér ekki tekist að sýna mitt besta með landsliðinu.“

### Fæ yfirleitt ekki mikla athygli

Helgi Valur segir það ef til vill helgast af því að sú vinna sem

hann sinnir vekur yfirleitt ekki mikla athygli. „Ég hef ekki fengið mikla umfjöllun, hvorki með félagsliði mínu né landsliðinu. Ég tel mína helstu styrkleika vera að vera vel staðsettur, hlaupa mikið og vinna fyrir liðið. Það vekur yfirleitt ekki mikla athygli. En svo lengi sem ég fæ að spila og þjálfarinn er ánægður þá er ég sáttur.“

Ísland mætir Kypverjum á morgun og vonast Helgi Valur vitanlega til að halda sæti sínu í liðinu. „Ég vona að frammistaða mín á föstudag dugi til þess.“

eirikur@frettabladid.is



**ÓLAFUR** Hér í leik með landsliðinu á Ólympíuleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ólafur Stefánsson: Möguleikinn er ekki stór

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson vildi lítið segja um framtíðaráætlanir sínar þegar Fréttablaðið ræddi við hann um helgina. Ólafur hefur verið í fríi síðan Ólympíuleikunum lauk í síðasta mánuði.

„Ég er bara enn að melta Ólympíuleikana og veit ekki enn hvað tekur við,“ sagði Ólafur. „Það eru möguleikar, vissulega. Ég er að reyna að skapa mér þannig aðstæður að ég velji réttan möguleika, þó maður viti aldrei fyrir en eftir á hvort maður valdi rétt.“

Aron Kristjánsson hefur tekið við þjálfun íslenska landsliðsins og Ólafur útilokaði ekki að hann myndi spila aftur með liðinu. „Það er einn af þessum möguleikum en hann er ekkert rosalega stór. Ég veit bara ekki hvað gerist næst – það er óbreytt ástand hjá mér.“

Ólafur var síðast á mála hjá AG í Danmörku en hann er nú án félags. - esá

Frábær fyrri hálfleikur dugði ekki gegn Svartfjallalandi í síðasta heimaleik Íslands í undankeppni EM:

# Leikjafyrirkomulagið yfirmáta heimskulegt

**KÖRFUBOLTI** Ísland tapaði fyrir Svartfjallalandi, 101-92, þrátt fyrir hetjulega baráttu. Ísland skoraði 61 stig í fyrri hálfleik og var með 22ja stiga forystu að honum loknum.

Svartfellingar komu svo sterkir til leiks í síðari hálfleik og söxuðu á forystuna, jafnt og þétt.

Pavel Ermolinskij meiddist snemma í síðari hálfleik a og Haukur Helgi Pálsson spilaði aðeins örfáar mínútur í síðari hálfleik vegna villuvandræða. Jón Arnór Stefánsson átti stórleik en fékk sína fimmtu villu í stöðunni 83-80 þegar tæpar fjórar mínútur voru eftir.

Svartfellingar gengu á lagið,

skoruðu ellefu stig í röð og gerðu út um leikinn.

„Þetta hefur verið upp og niður hjá okkur en ég hef verið að bíða nokkuð lengi eftir því að fá svona leik þar sem við byrjum jafn vel og við gerðum í dag,“ sagði Hlynur Bæringsson.

„Það er ekki gaman að tapa með reisu, þó svo að við getum sagt að við spilum vel. Þetta hefur verið erfitt og fyrir utan leikinn í Ísrael hafa síðustu leikir ekki verið góðir.“

Landsliðið hefur nú spilað ný leiki í undankeppninni og alltaf til skiptis á heima- og útivelli. Öll liðin í röð Íslands eru í austurhluta Evrópu og því gríðarlega

mikil ferðalög að baki. Strákarnir spila lokaleik sinn í undankeppninni í Eistlandi á morgun.

Peter Öqvist landsliðsþjálfari hefur keyrt liðið áfram á fáum mönnum en segir samt að ferðabreytan hafi meiri áhrif á spílmennsku liðsins en álag á lykilmenn. „Við höfum verið að fljúga út snemma dags og koma svo seint á áfangastað. Þetta hefur verið mjög strembið,“ sagði hann og Hlynur samsinnir því.

„Þetta prógramm er bara rugl. Ég veit ekki hvað veldur því að það er uppsett á þennan máta. Það hefðu allir aðrir geta sett upp skárri dagskrá. Þetta er yfirmáta heimskulegt.“ - esá



**HLYNUR** Hefur staðið í ströngu með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**LA-Z-BOY® 18 HÆGINDASTILLINGAR**

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**79.990**  
FULLT VERÐ: 99.990

**ASPEN** La-z-boy stóll.  
Brúnt eða natur áklæði.  
B:80 D:85 H:100 cm.

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**109.990**  
FULLT VERÐ: 129.990

**RIALTO** La-z-boy stóll.  
Brúnt, svart eða natur áklæði.  
B:80 D:90 H:100 cm.

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**119.990**  
FULLT VERÐ: 139.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vinrautt, brúnt eða ljóst leður.  
B:80 D:85 H:102 cm.

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**149.990**  
FULLT VERÐ: 169.990

**GRAND PINNACLE XL** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84 D:107 H:118 cm.

**LA-Z-BOY®**

**Hinn eini sanni!**

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY.

LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægingastillingar.

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



# Boddýhlutir



Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



## &gt; Stöð 2 kl. 20.10

## Glee

Það er komið að síðasta þættinum í þriðju þáttaröð af verðlaunaþáttaröðinni Glee á Stöð 2. Will gefur meðlimum sönghópsins síðasta verkefnið; að syngja kveðju-söngva hvert til annars. Söngkonan Gloria Estefan er í gestahlutverki í þættinum.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON ER FALLIN FYRIR BRÚNNI

### Gott samstarf frænda vorra

Hvað gerist þegar danskt og sænskt sjónvarpsþáttagerðarfólk tekur höndum saman? Svárið er sjónvarpsþáttaröðin Brúnni.

Þættirnir eru sýndir í Sjónvarpinu á þriðjudögum og fjalla um störf danskra og sænskra lögglumanna sem vinna að því að leysa dularfull morðmál. Þættirnir hefjast á því að lík finnst á miðri Eyrarsundsbrúnni og þarf lögglufólkið að taka á honum stóra sínum í leit að sjúkum en stórsnjöllum glæpamanni sem fjölmiðlar nefna



Sannleikshryðjuverkamanninn. Lögglufulltrúarnir Martin Rohde og Saga Norén eru aðalpersónur þáttanna og eru þau leikin af Kim Bodnia og Sofiu Helin.

Það hefur sannast að frændur okkar eru ekki einungis snjallir í ritun glæpasagna heldur eru þeir einnig stórgóðir í framleiðslu sakamálabátta, samanber dönsku þættina Forbrydelsen.

Gæði þáttanna eru því lík að ég get auðveldlega leitt hjá mér íslensku þýðingavillurnar sem hafa poppað upp reglulega.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlag 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnar 15.00 Fréttir 15.03 Útlagsátt: Dauðinn í Fenevium 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Lífsstarfið: Fortíð og framtíð 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 20.00 Leynifélagið 20.30 Bankað upp á 21.30 Kvöldátt: Fólka 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldins 22.25 Á söngleiðum 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlag Rásar 1

## RÚV

13.30 Ólympíumót fatlaðra: Hjólástól-  
arúðningur - úrslit  
15.15 Sílfur Egils (e)  
16.35 Herstöðvarlíf (13:13)(Army Wives)  
17.20 Sveitasæla  
17.34 Spurt og sprellað  
17.42 Óskabarnið  
18.03 Teiknum dýrin  
18.08 Fum og fát  
18.15 Tákn málsfréttir  
18.25 Frá Svíþjóð til himins (4:8)  
19.00 Fréttir  
19.30 Veðurfréttir  
19.35 Kastljós  
20.10 Undur alheimsins – Örlögin  
(1:4) (Wonders of the Universe) Heimildamyndaflokkur frá BBC þar sem prófessor Brian Cox útskýrir hvernig lögmál vísindanna skýra ekki aðeins sögu alheimsins og okkar allra.  
21.15 Castle (23:34) Höfundur sakamála-sagna hjálpar lögglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans.  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Alvörufólk (1:10) (Ákta menniskor) Sænskir þættir sem gerast í heimi þar sem ný kynslóð vélmanna hefur gerbreytt lífi fólks. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi bama.  
23.20 Njónsadeildin (3:8)(Spooks IX)(e)  
00.15 Kastljós (e)  
00.45 Fréttir  
00.55 Dagskrárlök

## BÍÓ

08.00 12 Men Of Christmas  
10.00 Prince and Me II  
12.00 Ultimate Avengers 2  
14.00 12 Men Of Christmas  
16.00 Prince and Me II  
18.00 Ultimate Avengers 2  
20.00 Einstein & Eddington  
22.00 The Chamber  
00.00 All Hat  
02.00 Stoned  
04.00 The Chamber  
06.00 Loverboy

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.05 Malcolm In The Middle (9:22)  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.40 Doctors (141:175)  
10.20 Chuck (22:24)  
11.05 Smash (10:15)  
11.50 Falcon Crest (7:29)  
12.35 Nágrannar  
13.00 So you think You Can Dance (13:23) (14:23)  
15.10 ET Weekend  
15.55 Barnatími Stöðvar 2  
16.45 Bold and the Beautiful  
17.10 Nágrannar  
17.35 Ellen  
18.23 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.54 Ísland í dag  
19.11 Veður  
19.20 Malcolm in the Middle (17:22)  
19.45 Modern Family (18:24)  
20.10 Glee (22:22)  
20.55 Fairly Legal (2:13) Önnur þáttaröðin um lögfræðinginn Kate Reed sem hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögfræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika.  
21.40 Pillars of the Earth (5:8) Dramatísk sjónvarpsþættir úr smíðju Ridley Scotts byggðir á metsölbók Kens Follett og gerist sagan á þrettánda öld á tímum ringulreiðar og stjórnmeylsis.  
22.35 Who Do You Think You Are? (5:7) Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur og komast að ýmsu áhugaverðu um forfeður sína.  
23.20 The Big Bang Theory (19:24)  
23.40 Mike & Molly (4:23)  
00.00 How I Met Your Mother (22:24)  
00.25 Weeds (7:13)  
00.55 V (11:12)  
01.40 NCIS (19:24)  
02.25 Chuck (22:24)  
03.10 Capturing Mary  
04.50 Fairly Legal (2:13)  
05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

07.00 Þýski handboltinn: TUSEM  
Essen - Fühse Berlin  
18.00 Þýski handboltinn: TUSEM  
Essen - Fühse Berlin  
19.25 Eimskipsmótaröðin 2012  
20.00 Schüco Open 2012 Útsending frá mótinu í Þýskalandi þar sem nokkrum af bestu kyflingum heims er boðið til leiks.  
23.10 Meistarad. Evrópu: fréttapáttur  
23.40 Guru of Go Heimildamynd um körfuboltaþjálfarann Paul Westhead sem brenndi allar brýr að baki sér í NBA. Hann tók við háskólalíðinu Loyola Marymount og fullkomnaði þar leikkerfi sitt sem vakti mikla athygli og var byggt upp á miklum hlaupum og hröðum sóknarleik. Aðalstjama liðsins pöldi ekki álagið og lést úr hjartaáfalli á vellinum.

## SPORT 2 enski boltinn

17.45 Premier League Review Show 2012/13  
18.40 Premier League World 2012/13  
19.10 Arsenal - Sunderland  
21.00 Premier League Review Show 2012/13  
22.00 Football League Show 2012/13  
22.30 Stoke - Arsenal

## krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.  
08.00 Dóra könnuður  
08.25 Áfram Diego, áfram!  
08.50 Doddi litli og Eyrnastór  
09.00 UKI  
09.05 Stubbarnir  
09.30 Lína langsokkur  
09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
10.15 Studboltastelpurnar  
10.40 Histeria!  
11.00 Disney Channel Útsending frá barnarástinni Disney Channel.  
17.00 M.I. High  
17.30 iCarly (18:25)  
17.55 Tricky TV (18:23)

## POP TV

17.05 Simpson-fjölskyldan (17.22) Tuttugasta og önnur þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarps sögu.  
17.30 ET Weekend  
18.15 Glee (18.22) Frábær þáttaröð um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölu til að gera flottar sýningar.  
19.00 Friends (11.24) Sjöunda þáttaröðin um bestu vini allra landsmanna.  
19.25 Simpson-fjölskyldan (11.22)  
19.50 Step It up and Dance (4.10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansaramir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjórnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnir þáttanna.  
20.35 Hart of Dixie (4.22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.  
21.15 Privileged (4.18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forriki fjölskyldu sem einkakennari tvíburastrá sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.  
22.00 Step It up and Dance (4.10)  
22.45 Hart of Dixie (4.22)  
23.25 Privileged (4.18)  
00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptví

## GULL

18.15 Doctors (22:175)  
19.00 Ellen  
19.45 Spurningabomban (4:10)  
20.30 Little Britain (4:8)  
21.00 Steindinn okkar (6:8)  
21.25 Pressa (4:6)  
22.10 Ellen  
22.55 Spurningabomban (4:10)  
23.40 Steindinn okkar (6:8)  
00.05 Doctors (22:175)  
00.40 Little Britain (4:8)  
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptví

## SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Rachael Ray (e)  
08.45 Pepsi MAX tónlist  
16.40 Minute To Win It (e)  
17.25 Rachael Ray  
18.10 My Bigger Fatter Gypsy Wedding Mary og Paddy ætla að gifta sig með pompi og prakt.  
19.00 America's Funniest Home Videos (e)  
19.25 Will & Grace (12:24)  
19.50 One Tree Hill (9.13) Clay og Logan ná loks sáttum og Julian og Brooke þurfa að stíga í nýjar hæðir til að vernda sig og sína.  
20.40 Rookie Blue (9.13) Í kjölfar bílslyss er leyndarmálum ljóstrað upp sem leiðir nýliðana á slóð ungar stúlku sem leitað er að.  
21.30 Óupplýst (2.7) Sjö þættir um óupplýst íslensk mál sem byggð eru á sögum Íslendinga af óútskýrðum atburðum sem hafa átt sér stað. Í þætti kvöldins verður sögð saga manns sem verður fyrir þeirri óþægilegu reynslu að dreyma sama drauminn aftur og aftur.  
22.00 CSI: New York (4.18) Skemmtilegt kvöld lögglunnar úti á lífinu með nokkrum nýliðum fær óvæntan endi.  
22.50 Jimmy Kimmel  
23.35 Law & Order: Special Victims Unit (4.24) (e)  
00.20 The Bachelorette (3.12) (e)  
01.50 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 07.10 BMW Championship 2012 (4:4) 12.10 Golfing World 13.00 BMW Championship 2012 (4:4) 18.00 Golfing World 18.50 BMW Championship 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 The Open Championship Official Film 2010 23.40 ESPN America

## N4

18.00 Að norðan

## INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 3 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistrana

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957  
FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útlag Saga

FM 100,5 Kaninn  
FM 102,2 Útlag Latibær

FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útlag Boðun

# Sevilla

5. - 8. okt. 3 nætur

Verð frá 89.900 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\* Verð án Vildarpunkta 99.900 kr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og  
skrðu þig í netklúbbinn á [VITA.is](http://VITA.is)

vita

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | [VITA.is](http://VITA.is)







# VILTU VERÐA SKÁTI?

Skemmtilegt skátastarf  
fyrir alla hressa krakka.

Nú er skátastarfið að fara í gang um allt land. Okkur langar að bjóða ykkur velkomin að taka þátt í skemmtilegu og fjölbreyttu starfi í vetur en flest skátafélög eru með starf fyrir krakka á öllum aldri.



Komdu á skátafund og kynntu þér málin.

Hægt er að finna allar upplýsingar  
á vefnum okkar [www.skatar.is](http://www.skatar.is)

  
**Skátarnir**  
-alltaf skemmtilegir!





„Ég er að missa mig yfir nýja Villagers-laginu. Það heitir The Waves og er magnaður andskoti með alveg ótrúlega uppbyggingu sem endar í hreinni fullnægingu. Ég held að ég hafi spilað það svona tíu sinnum í gegn síðasta mánudag.“

Birgir Örn Steinarrson, tónlistarmaður.

## Til minningar um góðan vin

Minningartónleikar um útigangsmanninn Loft Gunnarsson, sem lést fyrr á þessu ári, verða haldnir á morgun, þriðjudaginn 11. september, í Vídalínskirkju í Garðabæ. Allt andvirði miðasölu rennur í minningarsjóð Lofts sem hefur það eina markmið að bæta aðbúnað utangarðsmanna í Reykjavík.

Aðspurður segir Frosti Logason, vinur Lofts, að tónleikarnir hafi átt sér töluvert langan aðdraganda. „Fjölskyldu hans langaði fljótleiga eftir jarðarför Lofts að gera eitthvað til að bæta hag útigangsmanna. Vinkona Lofts hélt ljóðasamkeppni og gerði ljóðabók sem var hugsuð fyrir sama málstað og svo er afmælið hans ellefta september. Við vissum alltaf að við myndum gera eitthvað á afmælisdegi Lofts,“ segir Frosti.

Pétur Ben, Ómar og Óskar Guðjónssynir, Esja, Ellen og KK og Frizko spila á tónleikumunum, sem hefjast klukkan 20. Miðar fást á Midi.is. „Þetta verða mjög flottir tónleikar,“ segir hann og bætir við að allir hafi verið æstir í að fá að taka þátt. „Hann var svo rosalega vinamargur. Allir vissu hver hann var og höfðu talað við hann.“

Tónleikarnir í Vídalínskirkju verða að sögn Frosta bókstaflega í bakgarðinum þar sem Loftur ólst upp. Því eigi það einstaklega vel við að halda tónleikana þarna.

- fb

LOFTUR GUNNARSSON Fjöldi þekktra tónlistarmanna minnst Lofts Gunnarssonar á tónleikum í Vídalínskirkju.

MYND/BJÖRN ÁRNASON



ERÓTIKIN RÆÐUR RÍKJUM: KYNLÍFSSKÁLDSÖGUR Á HLJÓÐBÓKUM

## Beðmál í Blindrabókasafni

„Mér finnst miklu skemmtilegra að lesa þessa bók en síðustu tvær bækur sem ég las, en það voru kennslubækur í leikfimi,“ segir Þórunn Hjartardóttir myndlistarkona, hljóðbókalesari og sjónlýsandi. Þórunn er önnur kafin þessa dagana við að lesa íslenska þýðingu hinnar umtöluðu skáldsögu Fifty Shades of Gray eftir E. L. James, mest seldu bókar heims í dag, inn á hljóðbók fyrir Blindrabókasafn Íslands. Á næstu dögum hefst einnig lestur á bókinni Fantasiur sem ritstýrt er af Hildi Sverrisdóttur inn á slíka hljóðbók hjá Blindrabókasafninu. Kynlíf og tengdir hlutir eru veigamestu umfjöllunarefni beggja bókanna og má því segja að erótíkin ráði ríkjum í Blindrabókasafninu þessa dagana.

Þórunn hefur lesið inn á flestar tegundir hljóðbóka í fjölda ára, meðal annars nokkrar bækur sem innihalda misjafnlega berorðar kynlífslýsingar. „Étli það grófaasta sem ég hef lesið hingað til sé ekki Belle du Jour – Opinská ævisaga gleðikonu í London sem kom út fyrir nokkrum árum. Snákar og eyrnalokkar eftir japanska höfundinn Hitomi Kanehara var líka nokkuð djörf. Ég vanda mig alltaf eins og ég get, burtséð frá því hvers konar bækur ég les, og geri mitt besta til að hljóma sannfærandi í lestrinum,“ segir Þórunn og bætir við að hugsanlega gætu óreyndir lesarar átt erfitt með að lesa klámfengnar lýsingar upphátt. „Sjálf kippi ég mér ekki upp við þær og finnst alltaf jafn huggulegt að sitja í hljóðverinu og lesa upp.“

Hlutverk Blindrabókasafnsins er að opna þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur aðgang að prentuðu máli á hljóðbók eða öðru aðgengilegu formi. Hafþór Ragnarsson, starfsmaður í hljóðverinu safnsins, segir að reglulega séu haldnir fundir þar sem farið



KÓSI Þórunn Hjartardóttir hefur lesið inn á fjölda hljóðbóka fyrir Blindrabókasafnið og þykir alltaf jafn huggulegt í hljóðverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### NORSKA BLINDRABÓKASAFNINU HRÓSAÐ

Norska tímaritið Cupido, sem í yfir aldarfjórðung hefur fjallað um kynlíf, kynheilsu og kynferðisleg réttindi, tilnefndi á föstudag norska blindrabókasafnið til menningarverðlauna blaðsins árið 2012. Í tilnefningunni segir að með hljóðbókum opni safnið lánþegum sínum leið inn í heim erótíksk skáldskapar og sýni jafnframt að ríkisstofnanir geti sýnt áhuga og ábyrgð á kynferðislegum réttindum þegna sinna.



HAFÞÓR RAGNARSSON

er yfir óskir lánþega og yfirlit yfir væntanlega bókaitila og ákvarðanir um lestur á bókum teknar út frá þeim. „Ég held að flestir lesarar mæti svona verkefni sem hverju öðru og líklega er best að gera sem minnst af því að setja sig í sérstakar stellingar.

Til dæmis las ég eitt sinn sjálfur sögu inn á hljóðbók þar sem aðalpersónan hékk sífellt úti á svölum þar sem hann glápti á smástelpur á skólalóð. Ég tengdi ekkert sérstaklega vel við þann karakter,“ segir Hafþór.

kjartan@frettabladid.is

# LJÓSIÐ

## Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda


Ný námskeið að hefjast m.a:

- Heilsuefning
- Fræðslufundir fyrir karlmenn sem hafa greinst.
- Námskeið fyrir börn / ungmenni sem eru aðstandendur

Sjá nánar á [www.ljosid.is](http://www.ljosid.is)



ELENA PONIA TOWSKA  
Á HÖFUNDARKVÖLDI  
í Iðná, Vonarstræti,  
í kvöld 10. september kl. 20



Í tilefni útgáfu bókarinnar **Jesúsa: óskammfeilin, þverúðug og skuldlaus** kemur Elena Poniatowska, einn þekktasti rithöfundur Mexíkó, til Íslands.

Á höfundarkvöldi í Iðná mun hún fjalla um bók sína, lesið verður upp úr verkinu og rætt um það.

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókaverslun á netinu

## Ný plata og þrennir tónleikar

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti gefur út sína fyrstu plötu, Dýrð í dauðapögn, á þriðjudaginn. Tvö lög af henni, Leyndarmál og Sumargestir, hafa notið mikilla vinsælda í sumar og því er eftirvæntingin mikil.

Aðspurður segist Ásgeir Trausti hafa verið í eitt ár að semja lögin, þrjár mánuðir fóru í upptökur og um tveir mánuðir í að vinna umslag. Ferlið hefur því verið ansi langt en hann er mjög spenntur að sjá hvernig viðtökurnar verða. Strákarnir í Hjálmu aðstoðuðu Ásgeir Trausta við upptökurnar, sem kemur ekki á óvart því söngvari sveitarinnar er bróðir hans Þorsteinn Einarsson. Þeir spiluðu einnig inn á plötuna og verða með honum á þrennum útgáfutónleikum. Þeir fyrstu verða á Græna hattinum 14. september, þeir næstu á Hvamms-tanga hinn 16. og þeir þriðju og síðustu á Fektorý 18. september. „Það er rosalega þægilegt að hafa svona reynslobolta í þessu með sér þegar maður er að koma svona nýr inn,“ segir Ásgeir Trausti um Hjálmana.

Lögin á plötunni eru annars úr öllum áttum. „Lögin eru öll rosa ólík og textarnir eru allir mjög mismunandi,“ segir hann. Faðir hans, Einar Georg Einarsson, samdi sjö texta og Júlíus Róbertsson þrjá en hann spilar einnig með Ásgeiri.

Það eru spennandi hlutir fram undan hjá



SALLARÓLEGUR Ásgeir Trausti er sallarólegur og nennir lítið að vera að stressa sig yfir hlutunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tónlistarmanninum efnilega, sem er þó sallarólegur yfir öllu saman. „Ég nenni ekki að vera að stressa mig, ég sé engan tilgang í því. Þetta rennur bara áfram og ég fylgi með.“

- fb



# Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

**TEMPUR**  
DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í september!

12  
mánaða  
vaxtalaus lán  
á stillanlegum  
rúmunum\*

\* 3,5% lántökugjald



EINA DÝNAN OG KODDINN  
SEM VIÐURKENND ERU  
AF NASA OG VOTTUÐ AF  
GEIMFERÐASTOFNUNINI

## Stillanlegt og þægilegt!



Charlotte **S Julien**  
Dream your world™

Upplifðu þægindi,  
upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

Þráðlaus fjarstýring



- LED-vasaljós
- Klukkan
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

TEMPUR® Original eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**SEPT.-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

## Vönduð heilsurúm á frábæru verði!



20%  
afsláttur  
í sept.

**Chiro Deluxe**

Dýna, botn og lappir **SEPTEMBER-TILBOÐ**  
160x200 - kr. 280.900,- **224.720,-**  
180x200 - kr. 329.900,- **263.920,-**

**Chiro Deluxe**

- Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði
- 8 cm Latex heilsufirdýna
- Eurotop® betur nýttur svefnflötur
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Val um 5 litri á botni
- Val um 3 gerðir af löppum



Lingen svefnsofi  
**TILBOÐ AÐEINS**  
Kr. 99.000,-

Verð áður 123.750,-

Góð svampdýna  
Breidd: 200 cm  
Dýpt: 120 cm

20%  
afsláttur  
í sept.



**Betra**  
**BAK**

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Ópið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

## Fjölmíðlakonur í fjöri

Félag fjölmíðlakvenna hélt sitt árlega parti á laugardagskvöldið. Margar af fjölmíðlakonum landsins tóku þar þátt í tjalldstemningu í bakgarðinum hjá Karen Kjartansdóttur, fréttakonu á Stöð 2 þar sem grillaðar voru pylsur, hlýtt var á uppistand og sungið saman. Meðal þeirra kvenna sem tóku þátt í gleðinni voru fréttakonurnar Edda G. Andrésdóttir, Helga Arnardóttir, Hödd Vilhjálmsdóttir og Erla Hlynsdóttir á Stöð 2, Björk Eiðsdóttir ritstjóri blaðsins Séð og heyr, **Marta María Jónasdóttir** á Smartlandi, **Kolbrún Björnsdóttir** útvarpskona á Bylgjunni, Elin Arnar, ritstjóri Víkunnar, **Þorbjörg Marinós-dóttir** á Skjá einum og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir blaðamaður á Frétta-tímanum.



## Um stund frá Valdimari

Önnur plata **Valdimars Guðmundssonar** og féлага í Suðurnesjasveitinni Valdimar hefur fengið nafnið Um stund og er hún væntanleg í október. Síðasta plata Valdimars, Undraland, kom út fyrir tveimur árum og hafa selst á fjórða þúsund eintök. Lagið Yfirgefinn naut mikilla vinsælda og hver veit nema önnur slík perla leynist á nýja grípnum.




- trs / fb

Mest lesið **vísir**

- 1 Blæddi úr slagæð
- 2 Harður árekstur við Hvalfjarðargöng
- 3 Hvalbeinahliðið við Núp í Dýrafirði fékk andlitslyftingu
- 4 Átján ára Íslendingur skotin til bana í Tulsa
- 5 Skýstrókar í New York
- 6 Hvassviðri, slydda og snjócoma

## TÖFRANDI



www.forlagid.is

# Heilbrigðar & hamingjusamar í allan vetur

## Dökkum frábærar móttökur á haustdagskrá okkar.

Aldrei áður hafa jafn margar konur skráð sig í KK-Eðaláskrift og hefur Baðhúsið sjaldan verið jafn vinsælt og nú.

Saman verðum við heilbrigðari og hamingjusamari í vetur.

Og við hlökkum til.

Mér líður alltaf vel í afslöppuðu og vinalegu umhverfi Baðhússins auk þess eru tímarnir þar æðislegir.

Kristjana Dráinsdóttir, 59 ára.  
Flugfreyja.

Ég æfi í Baðhúsinu því ég er þriggja barna móðir í erilsömu starfi og líkamsræktin þarf að virka nærandi fyrir bæði sál og líkama en ekki sem kvöð. Í Baðhúsinu er andrúmsloftið svo þægilegt og allt viðmót þannig að ég kem alltaf endurnærð þaðan út, tilbúin í næsta slag!

Björk Eiðsdóttir, 38 ára.  
Ritstjóri.

I have always admired and respected Linda's vision of Baðhúsið as a place where women can go and nurture themselves.

Tristan Gribbin, 45 years.  
Actress and meditation leader.

Ég fer í Baðhúsið vegna þess að þar er afslappað andrúmsloft og einungis konur.

Ásta Kristjánsdóttir, 40 ára.  
Ljósmyndari.

Í Baðhúsinu er alltaf notaleg og góð stemning. Aðstaðan til æfinga er til fyrirmyndar og svo er gott að geta skellt sér í heita laug á eftir í notalegu umhverfi.

Valgerður Guðnadóttir, 35 ára.  
Söng- og leikkona.

Hafiði séð Lindu Pé nýlega? Mig langar að verða alveg eins og hún.

Íris Björk Jónsdóttir, 43 ára.  
Aftahfnakona.

Baðhúsið er vinalagt, þægilegt, fjölbreytt og þar færðu persónulega þjónustu. Það sem mér finnst vera mikill kostur er að Baðhúsið er einungis fyrir konur.

Birgitta Birgisdóttir, 33 ára.  
Leikkona.

Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)



BADHÚSIÐ

www.badhusid.is

Sími 515-1900